

Fundargerð aðalfundar byggðasamlags UTU 2022

haldinn í Félagsheimilinu Borg 01. nóvember 2022 kl. 15.00

Fundinn sátu:

Stjórn UTU bs.: Haraldur Þór Jónsson, formaður, Björn Kristinn Pálmarsson, varaformaður og meðstjórnendurnir Nanna Jónsdóttir, Helgi Kjartansson, Jón Bjarnason og Walter Fannar Kristjánsson.
Starfsmenn UTU bs.: Jóhannes Hr. Símonarson frkv. stjóri, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

Aðrir fundarmenn: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, Sylvía Karen Heimisdóttir, fjármálastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Jón Forni Snæbjörnsson, sv.stjórnarmaður í Bláskógabyggð, Ása Valdís Árnadóttir, Ragnheiður Eggerts dóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson og Dagný Davíðsdóttir, sv.stjórnarfólk í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árni Eiríksson og Hulda Kristjánsdóttir, sv.stjórnarfólk í Flóahreppi og Daði Geir Samúelsson, sv.stjórnarmaður í Hrunamannahreppi.

Samtals 19 fundarmenn.

Fundargerð ritaði: Jóhannes Hr. Símonarson

Haraldur Þór Jónsson, formaður UTU bs. setti fund, bauð fundarmenn velkomna og upplýsti um að ekki væri mögulegt að fara yfir fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023 líkt og boðað hefði verið í útsendri dagskrá þar sem hún væri ekki enn samþykkt af stjórn UTU bs. Því næst fól hann Jóhannesi framkvæmdastjóra að hafa framsögu að öðru leyti skv. áður boðaðri dagskrá.

1. Árskýrsla UTU bs. 2021

Jóhannes fór yfir árskýrslu embættisins fyrir árið 2021 ásamt Davíð byggingarfulltrúa og Vigfúsi skipulagsfulltrúa, en árskýrslan var sett saman af þeim þremur. Í árskýrslunni var að finna upplýsingar um stjórnarmenn og fjölda stjórnarfunda, upplýsingar um starfsmenn embættisins, fyrirkomulag starfseminnar og helstu rekstrartölur embættisins. Þá var í árskýrslunni að finna tölulegar upplýsingar yfir helstu lykilþætti embættisins, annars vegar á skipulagssviði og hins vegar á byggingarsviði ásamt hugleiðingum og framtíðarsýn skipulagsfulltrúa annars vegar og byggingarfulltrúa hins vegar.

Þá upplýsti Jóhannes fundarmenn um að mannabreytingar hefðu orðið hjá embættinu nú um mánaðarmótin okt/nov. þegar Sólveig Olga Sigurðardóttir hóf störf sem ritari skipulagsfulltrúa í stað Gunnars Arons Ólasonar sem horfið hefur til annarra starfa. Sólveigu Olgu er ætlað að taka við hluta af þeim störfum sem Gunnar Aron hafði áður en einnig að aðstoða Elísabetu Dröfn Erlingsdóttur við lóðastofnanir og leiðréttингar því tengdu. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með að efla ætti starfsemina tengt lóðamálum þar sem tölulegar upplýsingar sýndu árlega aukningu í þeim hluta starfseminnar og að þar væri helst að finna flöskuhálsa í starfseminni. Fundarmenn lýstu þó almennt yfir mikilli ánægu með gott starf starfsmanna og gott gengi UTU bs. þessi misserin.

2. Ársreikningur UTU bs. 2021

Jóhannes fór yfir ársreikning embættisins fyrir árið 2021 sem undirritaður var af stjórn UTU bs. þann 11. maí 2022. Ársreikningurinn var unnin og endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers ehf.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Árskýrsla 2021

Árskýrsla 2021 er unnin í október 2022 í tengslum við ársfund byggðasamlagsins. Skýrsluna unnu Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri, Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi og Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi.

Byggðasamlag

Í upphafi árs sátu í stjórn byggðasamlagsins Björgvin Skafti Bjarnason formaður, (Skeiða- og Gnúpverjahreppi), Halldóra Hjörleifsdóttir varaformaður (Hrunamannahreppi) og meðstjórnendurnir Árni Eiríksson, (Flóahreppi), Helgi Kjartansson, (Bláskógabyggð), Ása Valdís Árnadóttir (Grímsnes- og Grafningshreppi) og Guðmundur J. Gíslason (Ásahreppi). Björgvin Skafti baðst lausnar frá störfum í stjórn og skipulagsnefnd UTU bs. í maí og tók Ingvar Hjálmarsson við sem fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá sama tíma. Halldóra Hjörleifsdóttir varaformaður var kjörin nýr formaður stjórnar í stað Björgvins Skafta og Árni Eiríksson nýr varaformaður í stað Halldóru.

Stjórnin hélt 9 stjórnarfundi á árinu 2021. Um 5 staðfundi var að ræða en 4 stjórnarfundir voru haldnir í fjarfundi vegna Covid-19 takmarkana. Aðalfundur byggðasamlagsins 2021 var haldinn í félagsheimilinu Árnesi þann 10. nóvember.

Starfsmannamál

Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu 2021. Ráðinn var sumarstarfsmaður til 3ja mánaða í tengslum við átaksverkefni Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn. Til starfans var ráðin Ellisif Malmo Bjarnadóttir, nemandi í landslagsarkitektúr við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hennar hlutverk var að aðstoða Guðmar móttökuritara við skönnun og innfærslu teikninga í gagnasjá embættisins, sem og eigindavinnu við formlega lúkningu mála og gera þau tilbúin til athendingar til Héraðsskalasafns Árnessýslu. Ellisif var síðan ráðin áfram í 40% starfshlutfalli til áramóta samhliða námi sínu við LBHÍ til að sinna sömu störfum.

Í lok árs 2021 voru eftirfarandi starfsmenn hjá byggðasamlaginu:

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi
Elísabet Dröfn Erlingsdóttir, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa
Stella Rúnarsdóttir, ritari skipulagsfulltrúa
Gunnar Aron Ólason, ritari skipulagsfulltrúa
Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi
Lilja Ómarsdóttir, aðstoðarmaður byggingarfulltrúa
Stefán Short, aðstoðarmaður byggingarfulltrúa
Hildur Magnúsdóttir, ritari byggingarfulltrúa
Guðmar Elís Pálsson, móttökuritari
Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri

Fjöldi stöðugilda á árinu 2021 taldist vera 10,4 að meðaltali.

Skrifstofan

Á árinu 2021 var talsvert unnið í grunnstoðum embættisins. Unnið var að nýjum samþykktum vegna útgáfu stöðuleyfa hjá embættinu, nýjum samþykktum fyrir byggðasamlagið sjálft og nýrri gjaldskrá fyrir embættið.

Á vormánuðum staðfestu sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna nýjar samþykktir fyrir útgáfu stöðuleyfa embættisins. Samþykktirnar gefa íbúum og fasteignaeigendum á starfssvæði UTU bs. góðar upplýsingar um hvernig embættið vinnur við veitingu stöðuleyfa og byggingarfulltrúa skýran ramma og umboð til að vinna út frá.

Á árinu var mikil vinna lögð í að uppfæra gjaldskrá embættisins. Unnið var út frá nýrri hugmyndafræði þar sem ekki var lengur horft til fermetra eða rúmmetra varðandi upphæð byggingarleyfa heldur til tímans sem fór að meðaltali í hvert mál, líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga hafði áður lagt til við sveitarfélögin að yrði gert. Í stað einnar gjaldskrár áður voru útbúnar tvær gjaldskrár, annars vegar vegna þjónustu byggingarfulltrúa og hins vegar vegna þjónustu skipulagsfulltrúa. Nýjar gjaldskrár tóku gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 1. september 2021 eftir að hafa áður verið staðfestar af öllum aðildarsveitarfélögum UTU bs.

Nýjar samþykktir fyrir byggðasam lagið voru samþykktar af stjórn UTU bs. í október og þær staðfestar af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna í nóvember og desember. Þær tóku þó ekki formlega gildi fyrr en með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. janúar 2022. Við útfærslu á nýju samþykktunum var unnið út frá því að skipulagsnefnd, skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi fengju heimild til fullnaðarákvörðunar í ákveðnum og vel skilgreindum málum með það að markmiði að stytta afgreiðslutíma í einfaldari málum að því marki sem lög leyfðu. Tillögur samkvæmt þessu voru kynntar fyrir hverri og einni sveitarstjórn aðildarsveitarfélaganna en svo fór þó að lokum að ekki náiist samstaða innan sveitarstjórnanna um að veita skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúa slíkar valdheimildir. Byggingarfulltrúi fékk hins vegar heimild til að vísa ákveðnum og skýrt afmörkuðum umsóknum um byggingarleyfi beint í grenndarkynningu þegar deiliskipulag var ekki fyrir hendi, án að komu skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar.

Á miðju ári 2021 voru öll eyðublöð skipulagsmála færð inn í þjónustugátt UTU sem aðeins höfðu verið á pappírsformi áður. Um er að ræða fimm eyðublöð. Að auki voru sett inn þrjú ný eyðublöð vegna þjónustu byggingarfulltrúa hvað varðar umsóknir um stöðuleyfi, niðurrif og yfirferð á eignaskiptayfirlýsingu. Notkun þjónustugáttarinnar, sem upphaflega var tekin í notkun hjá embættinu á haustmánuðum 2019, hefur reynst okkur mjög vel, minnkar innsláttarvinnu ritara og villuhættu því samfara.

Í kjölfar lífskjarasamninga þurfti að útfæra styttingu vinnuvikunnar hjá embættinu. Niðurstaðan var að starfsmenn héldu óbreyttum kaffi- og matartínum en taka út vinnutímastyttinguna með því að hætta kl. 14.55 alla föstudaga. Þetta fyrirkomulag tók gildi 1. janúar 2021 og stendur enn.

Skrifstofa embættisins lokaði í tvær vikur yfir sumarið 2021 vegna sumarleyfa starfsfóks, þ.e. vikuna fyrir og eftir verslunarmannahelgina líkt og gert var sumarið 2020. Sú ákvörðun reyndist farsæl og almenn sátt um þessa ráðstöfun.

Í þessari greinargerð er ekki annað hægt en að minnast á Covid -19 faraldurinn sem kom til Íslands í lok febrúar 2020 og þau áhrif sem hann hafði á embættið. Líkt og á árinu 2020 var starfsmönnum skipt í two hópa hluta ársins sem skiptust svo á um að mæta á skrifstofuna og vinna heima. Hóparnir hittust aldrei á meðan á þessu skipulagi stóð. Tilgangurinn með þessu var að tryggja að hægt yrði að halda uppi starfsemi embættisins þó smit kæmi upp í öðrum hvorum hópnum. Nokkur tilvik komu upp þar sem starfsmaður þurfti að sæta sóttkví vegna gruns um smit en aðeins einn starfsmaður fékk staðfest Covid á árinu og það í sumarleyfinu sínu.

Covid- faraldurinn kenndi okkur heilmikið um okkur sjálf og nýjun gar í tækni. Við lærðum m.a. að nýta fjarfundin, vinna í fjarvinnu og hvernig við gætum hagnýtt okkur rafrænar undirritanir. Fjarfundin tókum við upp í byrjun Covid faraldursins á fyrri hluta ársins 2020 og þeir urðu sjálfsagður hluti starfsins á árinu 2021. Stjórn UTU bs. tók 4 slíka fundi á árinu líkt og áður segir og skipulagsnefndin tók 15

skipulagsnefndarfundi í fjarfundi af 22 fundum alls. Þá voru nokkrir afgreiðslufundir byggingarfulltrúa jafnframt teknir á fjarfundi þar sem a.m.k. áheyrnarfulltrúi Brunavarna Ánessýslu tók þátt í fundinum í gegnum fjarfund.

Vegna allra fjarfundanna varð að finna lausn á því að fundarmenn gætu staðfest þær fundargerðir sem gerðar voru á slíkum fundum. Af þeim sökum voru teknar upp rafrænar undirritanir á öllum fundargerðum stjórnar UTU bs. og skipulagsnefnd í byrjun árs 2021. Gengið var frá áskriftarsamningi við Signet vegna þessa.

Covid kenndi okkur einnig að það er vel gerlegt að vinna heiman frá sér dag og dag, þökk sé öflugum net- og VPN tengingum. Frá og með marsmánuði var gert formlegt samkomulag um fasta fjarvinnu ritara embættisins (3) þannig að þau myndu vinna heiman frá sér two daga í viku en vera alltaf 3 daga á starfsstöð sinni á Laugarvatni. Fartölur og auka tölvuskjáir höfðu áður verið keypt fyrir ritarana til að þau gætu unnið heiman frá sér í Covid. Þetta fjarvinnufyrirkomulag kom mjög vel út og ekki varð vart neinna hnökra í þjónustu embættisins vegna þessa.

Í lok árs 2020 tók stjórn UTU bs. þá ákvörðun að embætti UTU bs. yrði áfram staðsett að Laugarvatni í kjölfar þess að sveitarstjórn Bláskógabyggðar lýsti yfir vilja sínum að endurbæta núverandi húsnæði embættisins að Dalbraut 12. Við nánari skoðun hvarf sveitarstjórn Bláskógabyggðar síðar frá þeiri hugmynd og ákvað að byggja nýtt skrifstofuhúsnæði fyrir embættið á Laugarvatni, nánar tiltekið að Hverabraud 6. Undirbúningshópur vegna hönnunar hins nýja húss var skipaður úr röðum sveitarstjórnarfólks Bláskógabyggðar auk stjórnarformanns og framkvæmdastjóra UTU bs. Hönnun hússins var í höndum LARSEN – hönnun og ráðgjöf ehf. og var þessi hópur hönnuðum hússins til ráðgjafar. Vætingar voru um að embættið fengi þar með nýja starfsaðstöðu síðla árs 2022 en ljóst er að því seinkar heldur. Sveitarfélagið bauð verkið út í september 2022 með auglýsingum að tilboð yrðu opnuð mánuðaginn 24. október. Alls fengu 21 aðili send til sín útboðsgögn en aðeins 3 aðilar skiliðu inn tilboðum sem öll voru talsvert yfir kostnaðaráætlun sveitarfélagsins. Þegar þetta er skrifað í lok október 2022 er sveitarfélagið að ráða ráðum sínum um hvað gera skuli í framhaldi af þessum tilboðum og ljóst að embættið fær ekki nýja aðstöðu fyrr en í fyrsta lagi síðla árs 2023.

Rekstur

Byggðasamlagið sér um að innheimta byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöld fyrir sveitarfélögin en þær tekjur er þó ekki bókfærðar sem tekjur hjá samlaginu sjálfa þar sem þessi gjöld renna beint til sveitarfélaganna. Rekstur byggðasamlagsins byggir á mánaðarlegum fjárframlögum aðildarsveitarfélaganna í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun auk þess sem samlagið hefur sértekjur í formi gjalda vegna vinnu við málsmæðferð skipulagsáætlana og lóðastofnanir.

Á ársfundi byggðasamlagsins 30. október 2019 var formlega samþykkt að leggja niður tæknisviðshluta embættisins og aðlaga til samræmis kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti:

- 20% er fastur kostnaður sem deilt er jafnt á öll sveitarfélögin
- 40% miðast við hlutfall innheimtra byggingar- og framkvæmdaleyfisgjalda
- 40% miðast við hlutfall mála í skipulagsnefnd

Eftir þessari kostnaðarskiptingu greiddu sveitarfélögin sín mánaðarlegu fjárframlög árið 2021.

Í samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var gert ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaganna vegna reksturs byggðasamlagsins yrði 169.521.624 kr. en þar til viðbótar kæmu sértekjur byggðasamlagsins að upphæð 9,0 milljónir. Niðurstöðutalan var hins vegar að kostnaður sveitarfélaganna var nokkru lægri eða 151.824.138 kr. þar sem sértekjur byggðasamlagsins reyndust vera 20.567.070 kr. eða riflega tvöfalt hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Ástæða þess var sú að fjöldi skipulagsmála var heldur meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Auk þess tók ný gjaldskrá vegna þjónustu skipulagsfulltrúa gildi 1. september 2021 sem hækkaði sértekjur embættisins allnokkuð þessa síðustu mánuði ársins, ekki hvað

síst innheimta á afgreiðslugjaldi skipulagsmála sem innheimt er af öllum umsóknum um skipulagsmál sem tekin eru fyrir af skipulagsnefnd. Kostnaður við laun og launatengd gjöld var nokkru hærri en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir eða 130.142.405 í stað 126.415.799 kr. en á móti voru aðrir liðir lægri en fjárhagsáætlunin hafði gert ráð fyrir s.s. hvað varðar rekstur húsnæðis, bifreiða og sameiginlegur kostnaður. Niðurstaða ársins var því nokkru betri en fjárhagsáætlunin hafði gert ráð fyrir.

Í fjárhagsáætlun miðast kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga við niðurstöðu ársins á undan, þ.e. hlutfall byggingar- og framkvæmdaleyfa og mála í skipulagsnefnd. Í lok árs er kostnaðarhlutdeildin síðan endurskoðuð miðað við rauntölur ársins. Alltaf eru einhverjar sveiflur í kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna milli ára í hlutfalli við breytingar á málafjölda en þó ekki mjög miklar. Til samanburðar má skoða kostnað sveitarfélaganna vegna Umhverfis- og tækniþróðs bs. fyrir tímabilið 2016 til 2021, skv. ársreikningum hvers árs og á verðlagi hvers árs fyrir sig:

2021: 151.824.140 kr. -
2020: 153.504.194 kr. -
2019: 143.619.204 kr. -
2018: 136.388.548 kr. -
2017: 130.461.034 kr. -
2016: 117.577.511 kr. -

Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaganna vegna reksturs byggðasamlagsins árið 2022 verði 174.957.234 kr. og deilist þessi kostnaður sveitarfélaganna innbyrðis skv. áðurnefndri kostnaðarskiptingu.

Skrifstofan skiptist nú í tvö svið sem þó vinna náið saman, þ.e. skipulagssvið þar sem skipulagsfulltrúi er faglegur stjórnandi og byggingasvið þar sem byggingarfulltrúi er faglegur stjórandi. Hér á eftir eru tölulegar upplýsingar yfir fjölda mála á hvoru sviði fyrir sig árið 2021 ásamt sýn fulltrúanna tveggja fram á veginn.

Skipulagsmál 2021

Skipulagsnefnd

Á fundum nefndarinnar eru tekin fyrir mál er varða breytingar á aðalskipulagi, deiliskipulagsmál, fyrirspurnir varðandi skipulags- og byggingarmál, umsagnir af ýmsu dagi, framkvæmdaleyfi, stofnun löða þar sem skipulag liggur ekki fyrir og mál sem byggingarfulltrúi hefur vísað til nefndarinnar. Þá eru afgreiðslur byggingarfulltrúa lagðar fram til kynningar í nefndinni.

Að jafnaði eru haldnir 2 skipulagsnefndarfundir í mánuði nema í júlí mánuði þegar fundir falla niður vegna sumarleyfa. Á árinu 2021 voru haldnir 22 fundir í nefndinni, 7 staðfundir og 15 í fjarfundi.

Yfirlit yfir fjölða og gerð mála sem voru til umfjöllunar í nefndinni árið 2021 kemur fram í eftirfarandi töflu. Rétt er að taka fram að þetta eru ekki allt óskyld mál heldur er hér búið að telja saman fjölða afgreiðslna á fundum nefndarinnar sem felur í sér að sama málið getur verið talið nokkrum sinnum þar sem sum mál koma til afgreiðslu nefndarinnar á mismunandi stigum málsmeðferðar.

Skipulagsnefnd UTU 2021	Lóðamál	Aðal-skipulag	Deili-skipulag	Deili-skipulags-breytingar	Framkv.-leyfi	Bygginga-mál	Annað	Samtals	%
Bláskógbabyggð	19	42	35	27	7	27	14	171	28%
Grímsnes- og Grafningshreppur	25	28	19	51	21	36	17	197	32%
Hrunamannahreppur	11	6	27	18	10	3	4	79	13%
Skeiða- og Gnúpverjahreppi	16	12	9	12	2	11	1	63	10%
Flóahreppur	9	10	24	11	11	6	8	79	13%
Ásahreppur	5	5	4	5	1	3	0	23	4%
Samtals	85	103	118	124	52	86	45	613	100%

Til samanburðar voru samtals tekin fyrir 435 mál til afgreiðslu hjá skipulagsnefnd árið 2020.

Auglýsingar skipulagsáætlana

Sama form var á auglýsingum skipulagsáætlana og síðustu ár, þ.e. yfirleitt eru margar skipulagsáætlanir kynntar eða auglýstar saman í einni stórra auglýsingu sem birtist í Dagskránni, Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt á heimasíðu embættisins www.utu.is. Á árinu 2021 voru sendar út 13 slíkar stórar auglýsingar þar sem alls voru kynntar eða auglýstar 154 skipulagsáætlanir. Það er talsverð fjölgun frá árinu 2020 þegar 106 skipulagsáætlanir voru kynntar eða auglýstar með sama hætti en svipaður fjöldi og á árinu 2019.

Af þessum 154 skipulagsáætlunum fjölluðu 62 um aðalskipulagsmál og 92 um deiliskipulagsmál. Hafa þarf í huga að einstaka skipulagsmál getur verið birt allt að fjórum sinnum (lýsing, tillaga, auglýsing og niðurstaða sveitarstjórnar) og því er raunverulegur fjöldi mála nokkuð lægri.

Málin skiptust á eftirfarandi hátt milli sveitarfélaga, samanborið við árin á undan:

	Kynning á skipulagsáætlunum									
	2021		2020		2019		2018		2017	
Sveitarfélag	Aðal-skipulagsmál	Deili-skipulagsmál	Aðal-skipulagsmál	Deili-skipulagsmál	Aðal-skipulagsmál	Deili-skipulagsmál	Aðal-skipulagsmál	Deili-skipulagsmál	Aðal-skipulagsmál	Deili-skipulagsmál
Ásahreppur	5	4	2	5	7	10	2	4	0	1
Bláskógbabyggð	27	24	11	21	15	45	8	18	6	14
Flóahreppur	5	15	3	10	11	13	4	16	6	14
Grímsnes- og Grafningur	15	21	5	19	0	18	2	13	4	5
Hrunamannahr.	3	17	3	18	6	22	5	11	12	15
Skeiða- og Gnúp	7	11	9	1	11	8	9	29	29	54
Samtals:	62	92	24	82	40	119	29	71	29	54

Grenndarkynningar:

Árið 2021 voru 107 mál grenndarkynnt samtals, bæði vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi og vegna byggingarleyfisumsókna þar sem deiliskipulag lá ekki fyrir. Um er að ræða talsverða aukningu á fjölda grenndarkynninga miðað við árin þar á undan. Sjá meðfylgjandi töflu:

Grenndarkynningar							
Sveitarfélag	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	4	4	1	2	0	1	0
Bláskógbabyggð	27	30	19	24	18	11	8
Flóahreppur	19	4	4	3	6	5	4
Grímsnes- og Grafningur	45	25	8	9	10	7	6
Hrunamannahr.	5	5	5	3	3	2	2
Skeiða- og Gnúp	7	10	6	7	3	2	4
Samtals:	107	78	43	48	40	28	24

Lóðamál

Á árinu 2021 voru samtals stofnaðar 216 nýjar lóðir sem er „nýtt met“ í fjölda lóðastofnana hjá embættinu. 153 lóðir voru stofnaðar á grundvelli gildandi deiliskipulags og 52 lóðir með vísun í 48. grein skipulagsлага. Einnig voru stofnaðar 11 viðbótarlóðir, en það eru lóðir sem stofnaðar eru tímabundið vegna stækunnar eða samruna við aðrar lóðir eða lendur. Um var að ræða nokkra aukningu frá fyrri árum og í reynd er þetta mesti fjöldi lóðastofnana hjá embættinu hingað til. Sjá meðfylgjandi töflu:

Lóðastofnanir							
Sveitarfélag	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	8	14	3	5	9	9	5
Bláskógbabyggð	54	49	44	64	44	39	29
Flóahreppur	14	28	15	34	9	17	9
Grímsnes- og Grafningur	76	59	32	48	54	55	29
Hrunamannahr.	23	10	12	13	5	22	15
Skeiða- og Gnúp	41	40	19	27	14	8	11
Samtals:	216	200	125	191	135	150	98

Gildistaka skipulagsáætlana

Á árinu 2021 tóku 131 skipulagsáætlun gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda sem er talsverð aukning frá fyrri árum. Alls tóku gildi 40 ný deiliskipulög og 91 deiliskipulagsbreyting. Engin aðalskipulagsbreyting tók gildi á árinu hjá neinu af aðildarsveitarfélögum UTU bs.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda auglýsinga sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda, allt frá árinu 2015, skipt eftir sveitarfélögum:

B - deildar auglýsingar

Sveitarfélag	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	7	8	7	6	1	5	2
Bláskógabyggð	42	30	21	19	33	20	29
Flóahreppur	20	12	10	7	14	7	5
Grímsnes- og Grafningur	38	25	12	21	15	22	13
Hrunamannahr.	13	5	13	11	9	4	11
Skeiða- og Gnúp	11	9	11	12	13	6	5
Samtals:	131	89	74	76	85	64	65

Núverandi staða og framtíðarsýn skipulagsfulltrúa:

Í fyrri ársskýrslum hefur undirritaður farið í nokkuð löngu máli yfir stöðu embættisins og framtíðarsýn. Að þessu sinni verða höfð færri orð um stöðu embættisins en áður að öðru leyti en því að staða þess og framtíðarhorfur eru bjartar að mínu mati. Á árinu 2022 hafa verið lítillega vendingar í starfsmannamálum sem mun á endanum styrkja embættið þótt svo að ákveðnir vaxtaverkir hafi komið fram við þessar breytingar eins og hætt er við þegar breytingar eru gerðar. Nánar um það í ársskýrslu ársins 2022.

Það helsta sem breyttist hjá embættinu á árinu 2021 var að tekin voru jákvæð skref í átt til rafrænnar stjórnsýslu þar sem skipulagshlutu embættis fór að taka á móti umsóknun rafrænt í gegnum þjónustugátt embættisins. Sú breyting hefur gefið góða raun. Ekki var því lengur þörf á að fá allar umsóknir handritaðar inn í málakerfi embættisins heldur stofnast málið inn í málakerfi ONE um leið og sótt er um í gegnum þjónustugáttina. Málið fær samstundis rétta stöðu og ætti í kjölfarið að fá málsméðferð í takt við stöðu málsins hverju sinni í málakerfinu. Með þessum hætti er einfaldara að halda utan um hvert mál fyrir sig og málsméðferðarhraði frekar að aukast, líkurnar á mistökum að minnka og þjónusta til viðskiptavina embættisins að batna. Líkt og ég kom inn á í fyrri ársskýrslu þá er innleiðing rafrænnar stjórnsýslu eitt af stærstu málum næstu ára. Fleiri skref í þessa átt hafa verið stigin á árinu 2022 og vonast ég til að áfram verði þróun í þessum málum til framtíðar, þ.á.m. sem lúta að rafrænum skilum gagna til Héraðsskjalasafns Árnессýslu í stað gagna á pappírsformi. Þá mun skipulagsgátt Skipulagsstofnunar væntanlega verða innleidd á næstu misserum sem verður vonandi til þess að Skipulagsstofnun fari að taka þessi skref með okkur.

Mikil gerjun og mörg verkefni á vegum sveitarfélaganna og einkaaðila sem snúa að skipulagningu svæða fyrir nýja íbúa voru í vinnslu eða fóru af stað á árinu 2021. Umtalsferð eftirspurn og áhugi er eftir íbúðarlóðum eða landbúnaðarlóðum innan sveitarfélaga embættisins þar sem fólk hefur áhuga á að hafa fasta búsetu innan starfssvæðis embættisins. Þessi þróun helst í hendur við lóðarskort og hátt lóðarverð á höfuðborgarsvæðinu auk vakningar innan samfélagsins um möguleika á fjarvinnu í kjölfar Covid. Þessi þróun mun að öllum líkindum halda áfram um einhvern tíma og er mikilvægt að sveitarfélögini haldi góðri yfirsýn um áætlaða fjölgun í takt við breytingar á aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna í þessa átt og gerð nýrra deiliskipulaga sem gera ráð fyrir nýjum íbúðasvæðum. Mikilvægt er að skipulag innviða sveitarfélaganna fylgi þessari þróun og hugað sé vel að þróun þessara málá til ófyrirséðar framtíðar.

Vigfús Þór Hróbjartsson,
skipulagsfulltrúi UTU bs.

Byggingarmál 2021

Almennt um byggingarsvið

Byggingahluti embættisins annast alla umsjón með afgreiðslum byggingarleyfa, yfirferð aðaluppdráttu og sérteikninga, útsetningu húsa á byggingarreit, eftirlit með skráningu byggingarstjóra og iðnmeistara, skráningu mannvirkja í fasteignaskrá, stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir og veitir umsagnir um rekstrarleyfi auk annarra verkefna sem því er falið.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa

Byggingarfulltrúi afgreiðir umsóknir um byggingarleyfi í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Afgreiðslan skiptist í tvö megin stig. Á fyrra stigi er farið yfir umsókn og aðaluppdrættir yfirfarnir skv. skoðunarhandbók Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem gerir starfið faglegra og samræmdara en áður var. Einnig er kannað hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist því skipulagi sem gildir um svæðið þar sem framkvæmd er fyrirhuguð. Ef svo reynist vera er umsækjandi upplýstur um samþykkt byggingaráfoma af hálfu embættisins en ef áformin falla ekki að skipulaginu er málínu vísað til skipulagsfulltrúa til meðferðar. Síðari hluti afgreiðslunnar er útgáfa sjálfs byggingarleyfisins þegar samþykkt byggingaráforma liggur fyrir og eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt að auki; Uppáskriftir byggingarstjóra og iðnmeistara, sérteikningar liggja fyrir og byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa eru að jafnaði 2 í mánuði nema í júlí mánuði þegar fundir falla niður vegna sumarleyfa. Þessa fundi sitja alla jafna byggingarfulltrúi ásamt aðstoðarmönnum byggingarfulltrúa og áheyrnarfulltrúa frá Brunavörnum Árnессýslu. Á árinu 2021 voru haldnir 22 afgreiðslufundir byggingarfulltrúa.

Talnaefni byggingarfulltrúa 2021:

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda mála sem afgreidd voru á afgreiðslufundum byggingarfulltrúa árið 2021. Alls voru afgreidd 496 mál sem er aukning frá fyrra ári um 74 mál. Aukninguna má að mestu rekja til fjölgunar umsókna um byggingarleyfi á sumarhúsum og tilkynningarskyldar framkvæmdir, sem þó hafði aukist talsvert milli áranna þar á undan líka. Þannig fjölgæði umsóknum um byggingarleyfi sumarhúsa um 38 milli ára og umsóknum um tilkynningarskyldar framkvæmdir s.s. viðbyggingar, gestahús og litlar geymslur um 62 milli ára. Fjöldi mála í öðrum flokkum var svipaður eða heldur færri.

Samantekt byggingarmála árið 2021.	Ibúðarhús / Parkhús / Radhús	Hjónustuhúsedj/veturhúshúsn	Ignaðarhússvæði / landbúnaðarbyggingar	Sumarhús	Tilvinnilegskylðar framkvæmdir , minni staðkanir, aemslur	Annar, breytt staðaning breyding á átlu samþykktu nái	Graftrælevfi	Stöðuleyi	Rekstrarleyfi umsagnir	Niturnif	Sýnif	Samtals málafjöldi	%
8610 Ásahreppur	3	1	1	0	3	0	0	1	8	1	0	18	3,63%
8710 Hrúnamannahreppur	3	1	7	7	5	2	0	0	3	2	0	30	6,05%
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	3	1	2	109	81	6	1	10	5	5	9	232	46,77%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	7	0	6	6	16	5	0	4	3	3	2	52	10,48%
8721 Bláskógabyggð	14	3	4	25	44	5	8	3	6	2	5	119	23,99%
8722 Flóahreppur	8	1	8	2	9	1	1	6	4	3	2	45	9,07%
Samtals	38	7	28	149	158	19	10	24	29	16	18	496	100,00%

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá samanburð milli ára um fjölda byggingarmála milli ára. Um er að ræða öll byggingarmál, graftrarleyfi og tilkynningarskyldar framkvæmdir (409 mál af 496):

		2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
8610	Ásahreppur	8	11	17	9	16	3	8	6
8710	Hrunaman nahreppur	25	27	18	25	28	19	23	14
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	203	125	123	121	111	98	88	108
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	30	34	41	22	32	11	13
8721	Bláskógbabyggð	103	97	74	78	85	73	69	68
8722	Flóahreppur	30	29	24	21	27	17	14	17
	Samtals	409	319	290	295	289	242	213	226

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir stöðu byggingarmála í lok árs 2021. Á þeim tímapunkti var búið að samþykkja byggingaráform á 156 byggingarframkvæmdum sem þó voru ekki hafnar. Alls voru í byggingu á mismunandi stigum 748 mál, þar af 182 mál sem tengdust viðbyggingum á þegar byggðum húsum eða tilkynningarskyldar framkvæmdir sem ekki félle undir kröfur um formleg byggingarleyfi. Alls voru 520 málum lokið án þess þó að tekist hefði að knýja á um formlega lúkningu með lokaúttekt en 276 málum var formlega lokið á árinu. Því miður er það viðvarandi vandamál að fá eigendur til að ljúka formlega byggingarmálum með lokaúttekt byggingarfulltrúa þar sem byggingarfulltrúi hefur enga lagastoð í því að krefjast þess að lokaúttekt fari fram. Aðeins er hægt að ítreka það með bréfaskrifum og símtölum að umsækjandi/byggingarstjóri sækji um lokaúttekt eða byggingarfulltrúi boði til formlegrar lokaúttektar án þess að vera búinn að fá tilkynningu frá iðnmeisturum að verkhlutum sé að fullu lokið. Þvingunarúrræðin eru því ekki mörg og ekki hægt að sekta eigendur/byggingarstjóra fyrir það að lokaúttekt hafi ekki farið fram. Að ljúka eldri málum getur tekið töluverðan tíma og þarf að gerast í góðri samvinnu við eigendur og byggingarstjóra.

Langflest byggingarmál á árinu 2021, eða rétt um helmingur þeirra, snerust um framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi, fyrst og fremst í frístundabyggðunum. Hvernig uppbyggingin á sér stað milli sveitarfélaganna ár frá ári er alltaf nokkuð breytilegt milli ára.

Sláða 1 jan 2022	Samþykkt byggingaráform ekki býrð að framkvæmdum	I byggingu staðkanir og tilkynningarskyldar framkvæmdum	I byggingu byggingsárstig 1-5	Heildarfjöldi mál að samþykkt og í byggingu	% af heild	Lokið án lokaúttektar Heild	Málum lokið að fullu Árið 2021	% af heild málum lokið
Grímsnes og Grafnings	69	86	293	448	50%	234	113	41%
Bláskógbabyggð	34	56	141	231	26%	167	93	34%
Floinn	18	9	45	72	8%	40	19	7%
Hrunamannahreppur	9	14	34	57	6%	28	18	7%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	22	14	39	75	8%	39	24	9%
Ásahreppur	4	3	14	21	2%	12	9	3%
Samtals	156	182	566	904		520	276	

Það sem gerir starfssvæði UTU bs. frábrugðið frá mörgum öðrum skipulags- og byggingarfulltrúa-embættum er hinn mikli fjöldi sumarhúsa á starfssvæðinu en innan aðildarsveitarfélaganna er að finna riflega 40% af öllum sumarhúsum landsins. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þróun í fjölda sumarhúsa milli ára innan starfssvæðis embættisins, skv. skráningu hjá þjóðskrá Íslands:

Fjöldi sumarhúsa	Fjöldi skráðra sumarhúsa per ár						
Sveitarfélag	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	37	37	38	38	34	33	31
Hrunamannahreppur	383	380	384	378	369	363	362
Grímsnes- og Grafningshreppur	3.179	3.121	3.087	3.034	2.996	2.947	2.893
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	230	228	224	215	212	205	198
Bláskógabyggð	2.114	2.108	2.092	2.086	2.075	2.050	2.026
Flóahreppur	105	104	103	100	96	95	91
Samtals:	6.048	5.978	5.928	5.851	5.782	5.693	5.601
Aukning á ári:	70	50	77	69	89	92	
Fjöldi sumarhúsa á Suðurlandi alls:	7.664	7.564	7.496	7.407	7.307	7.185	7.066
Hlutfall innan UTU bs.:%	78,9%	79,0%	79,1%	79,0%	79,1%	79,2%	79,3%
Samtals fjöldi sumarhúsa:	14.697	14.545	14.440	14.293	14.135	13.953	13.790
Hlutfall innan UTU bs.:%	41,2%	41,1%	41,1%	40,9%	40,9%	40,8%	40,6%

Í töflunni hér að neðan má sjá þróun í fjölda íbúða í hverju sveitarfélagi milli ára skv. skráningum í þjóðskrá Íslands:

Fjöldi íbúða	Fjöldi skráðra íbúða per ár						
Sveitarfélag	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	104	102	99	96	92	93	93
Hrunamannahreppur	327	323	313	312	311	295	294
Grímsnes- og Grafningshreppur	225	226	226	225	223	217	215
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	266	260	250	243	239	238	237
Bláskógabyggð	518	494	478	472	469	457	452
Flóahreppur	265	266	263	257	251	247	243
Samtals:	1.705	1.671	1.629	1.605	1.585	1.547	1.534
Aukning á ári:	34	42	24	20	38	13	
Fjöldi íbúða á Suðurlandi alls:	13.388	12.618	12.217	11.757	11.394	11.042	10.919
Hlutfall innan UTU bs.:%	12,7%	13,2%	13,3%	13,7%	13,9%	14,0%	14,0%
Fjöldi íbúða á Íslandi alls:	154.238	149.844	147.510	143.583	141.195	138.458	137.445
Hlutfall innan UTU bs.:%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%

Núverandi staða og framtíðarsýn byggingarfulltrúa:

Á vor og sumartíma er mikill fjöldi umsókna um byggingarmál hjá embættinu og mikill tími fer í samskipti við eigendur, hönnuði og byggingarstjóra á þessum tíma.

Breyting varð á byggingareglugerð í nóvember 2021 þegar byggingarframkvæmdir voru flokkaðar eftir umfangi í þrjá svokallaða umfangsflokkja. Við gildistöku þessarar reglugerðarbreytinga eru minni og einfaldari framkvæmdir, sumarhús og landbúnaðarbyggingar nú flokkaðar í umfangsflokk 1 þar sem veita skal byggingarheimild í stað byggingarleyfis líkt og áður. Þetta flýtir heldur afgreiðslu erinda hjá byggingarfulltrúa og þar með geta umsóknaraðilar á þessum framkvæmdum komist fyrr af stað. Í þessum málum sem falla undir umfangsflokk 1 þarf aðeins að greiða leyfisgjöld og skila inn upplýsingum um byggingarstjóra verksins, hann að staðfesta sig gagnvart embættinu og skila starfsábyrgðartryggingu. Ekki þarf nauðsynlega að skila inn til embættisins öðrum uppáskriftum hvað varðar iðnmeistara og einnig nægir að fá sérteikningar (lagna og burðarvirkisteikningar) síðar á verktíma. Byggingarreglugerðin nú leggur meiri áherslu á eftirlit með umfangsflokkum 2 og 3, þ.e. á íbúðarhús og stærri framkvæmdir sem flokkast áfram undir kröfur um byggingarleyfi.

Í lok árs 2021 byrjaði embættið að senda teikningar í rafræna undirritun til hönnuða til prufu og sleppa því að fá teikningar á pappír. Rafrænar undirritanir voru síðan alfaríð teknar upp hjá embættinu í janúar 2022. Með rafrænni undirritun hönnuða og rafrænni innsiglun frá embættinu sparast tími sem annars fór í meðhöndlun á pappír en hingað til hefur embættinu borist rúmlega 7.000 eintök af teikningum á pappír á ári hverju. Margt er að breytast með rafrænni framtíð sem við erum að taka þátt í og höfum við mikinn áhuga á að efla embættið á þeirri vegferð.

Það er áhyggjuefnir hvað byggt er mikið í óleyfi og lítil virðing borin fyrir embætti byggingarfulltrúa og þeim lögum og reglum sem þarf að fylgja. Einnig er mikið af lausafjármundum á lóðum sem kvartað er yfir af nágörnum. Nágrannavarsla í sumarhúsabyggðum getur verið mikil og aðilar fljótir að láta embættið vita ef eitthvað er að. Mikill tími fer í að kanna aðstæður, senda bréf og fylgja eftir að málin komist í eðlilegt horf eða að fara út í að beita dagsektum.

Í lok árs 2021 hrundi þak á 3.600 m² minkahúsi í Skeiða og Gnúpverjahrepp þar sem búið var að fjarlægja helming af öllum burðarsúlum þaks sem ekki var sótt um leyfi fyrir. Skemmdir urðu á nokkuð mörgum ferðavögnum sem lento undir brakinu.

Embætti byggingarfulltrúa hefur góða yfirsýn yfir þann málafjölda sem er í gangi hverju sinni og reyna starfsmenn að sinna eftir bestu getu öllum málum sem koma inn á borð.

Davíð Sigurðsson,
byggingarfulltrúi UTU bs.

**Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita bs.**

Ársreikningur 2021

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Kennitala 580209-0170
Dalbraut 12, 840 Laugarvatn

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 12

Umhverfis- og tækniðið Uppsveita bs.

Kennitala 580209-0170

Dalbraut 12, 840 Laugarvatn

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Umhverfis- og tækniðið Uppsveita bs. er byggðasamlag í eigu Bláskógarbyggðar, Ásahrepps, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Byggðasamlaginu er ætlað að sjá um skipulags- og byggingarmál sveitarfélaganna. Kostnaði við rekstur byggðasamlagsins er skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins frá 15. desember 2021.

Byggðasamlagið greiddi 105,3 m.kr. í laun og 24,8 m.kr. í launatengd gjöld á árinu. Á árinu voru stöðugildi um 10,4.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar byggðasamlagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samlagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun samlagsins, korni fram í ársreikningnum.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 hafði óveruleg áhrif á starfsemi byggðasamlagsins. Í lok febrúar 2022 var öllum samgöngutakmörkunum aflétt. Það er mat stjórnarinnar að áhrifin verði áfram óveruleg ef engar verulegar breytingar verða vegna faraldursins.

Stjórn Umhverfis- og tækniðið Uppsveita bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni.

Flúðum, 11. maí 2022,

Stjórn byggðasamlagsins:

Haukur Hötker
 Guðrún Ófeigssons
 Þorlák Þórarinsson
 Helgi Þjóntasson
 Ingvári Hylmarsson
 Björn Kristinn Palmrosson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
 - Rekstrarreikning ársins 2021.
 - Efnahagsreikning 31. desember 2021.
 - Sjóðstreymi ársins 2021.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð byggðasamlaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglina sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglina.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrsla stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum byggðasamlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning byggðasamlagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa byggðasamlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi byggðasamlagsins. Stjórnendum byggðasamlagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka og gefa út áritun með álíti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af svíksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna svíksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álíti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af svíksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem svíksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.


Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi byggðasamlagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu álíti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að byggðasamlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glöggja mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Flúðum, 11. maí 2022,

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ólafur Gestsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	2021	Áætlun	2020
Rekstrartekjur				
þjónustutekjur	4, 5	151.824.138	169.521.624	153.504.194
Seld þjónusta	4	20.567.070	9.000.000	15.429.930
		<hr/> 172.391.208	<hr/> 178.521.624	<hr/> 168.934.124
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	6	130.142.405	126.415.799	119.705.753
Rekstur húsnæðis	7	5.173.277	5.634.362	4.831.963
Rekstur bifreiða	8	3.660.780	4.553.116	3.692.947
Sameiginlegur kostnaður	9	30.983.640	39.854.372	37.910.103
Afskriftir	11	2.825.690	2.063.975	2.825.690
		<hr/> 172.785.792	<hr/> 178.521.624	<hr/> 168.966.456
Rekstrarniðurstaða		(394.584)	0	(32.332)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	10	394.584		32.332
Niðurstaða ársins		<hr/> 0	<hr/> 0	<hr/> 0

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	2021	2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Bifreiðar		8.521.200	10.830.250
Innréttigar		896.918	1.685.558
		<hr/> 9.418.118	<hr/> 12.515.808
Veltufjármunir			
Óinnheimt byggingarleyfisgjöld	12	8.552.067	3.681.469
Aðrar skammtímakröfur		852.315	473.921
Handbært fé	13	40.680.455	61.214.975
		<hr/> 50.084.837	<hr/> 65.370.365
Eignir samtals		<hr/> 59.502.955	<hr/> 77.886.173

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2021	2020
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		0	0
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	14	1.752.355	1.066.326
Skammtímaskuldir við aðildarsveitarfélög		51.488.340	67.389.375
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		0	1.261.199
Aðrar skammtímaskuldir		6.262.260	8.169.273
		59.502.955	77.886.173
Eigið fé og skuldir samtals		59.502.955	77.886.173

Sjóðstreymi ársins 2021

	2021	2020
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Rekstrarniðurstaða ársins	0	0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi:		
Afskriftir	2.825.690	2.825.690
Tap af sölu fastafjármuna	152.000	0
	<u>2.977.690</u>	<u>2.825.690</u>
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:		
Skammtímakröfur	(5.248.992)	5.984.708
Skammtímaskuldir	(17.122.019)	19.385.202
	<u>(22.371.011)</u>	<u>25.369.910</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>(19.393.321)</u>	<u>28.195.600</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Söluverð varanlegra fastafjármuna	120.000	0
Fjármögnumunarhreyfingar		
Afborganir langtímalána	(1.261.199)	(2.030.152)
Hækjun (lækkun) á handbæru fé	<u>(20.534.520)</u>	<u>26.165.448</u>
Handbært fé í ársbyrjun	61.214.975	35.049.527
Handbært fé í árslok	<u>40.680.453</u>	<u>61.214.975</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. er byggðasamlag í eigu Bláskógarbyggðar, Ásahrepps, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Byggðasamlaginu er ætlað að sjá um skipulags- og byggingamál sveitarfélaganna.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samlagsins er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatn.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verömæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af skiptingu kostnaðar milli aðildar sveitarfélaganna og útseldri þjónustu. Kostnaði við rekstur byggðasamlagsins er skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins frá 15. desember 2021.

5. Þjónustutekjur	2021	2020
Ásahrepur, 5,45% var 7,7% á árinu 2020	8.275.225	11.821.716
Bláskógarbyggð, 23,72% var 27,54% á árinu 2020	36.013.496	42.279.512
Flóahrepur, 11,79% var 11,68% á árinu 2020	17.893.133	17.933.086
Grímsnes- og Grafningshreppur, 36,84% var 29,95% á árinu 2020	55.931.305	45.970.428
Hrunamannahreppur, 10,59% var 10,63% á árinu 2020	16.066.385	16.317.025
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 11,62% var 12,5% á árinu 2020	17.644.597	19.182.426
	<u>151.824.140</u>	<u>153.504.194</u>

Sundurliðun á skiptingu kostnaðar á milli aðildarsveitarfélaganna:

	Fastur kostnaður	Byggingar- og framkvæmda- leyfisgjöld	Mál í Skipulags- nefnd	Samtals
Ásahrepur, 5,45%	5.060.805	937.059	2.277.362	8.275.225
Bláskógarbyggð, 23,72%	5.060.805	13.978.752	16.973.939	36.013.496
Flóahrepur, 11,79%	5.060.805	4.998.203	7.834.126	17.893.133
Grímsnes- og Grafningshreppur, 36,84 %	5.060.805	31.315.551	19.554.949	55.931.305
Hrunamannahreppur, 10,59%	5.060.805	3.171.454	7.834.126	16.066.385
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 11,62%	5.060.805	6.328.637	6.255.155	17.644.597
	<u>30.364.828</u>	<u>60.729.656</u>	<u>60.729.656</u>	<u>151.824.140</u>

Skýringar

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

	2021	2020
Laun	101.042.100	92.240.924
Nefnda- og stjórnarlaun	4.316.178	4.178.923
Tryggingargjald	7.278.966	6.954.416
Mótframlag í lifeyrissjóð	13.711.942	12.356.349
Félagsgjöld	3.536.035	3.222.551
Akstur samkvæmt akstursbók	257.184	742.590
Annar starfsmannakostnaður	0	10.000
	<u>130.142.405</u>	<u>119.705.753</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 10,4 en var 8,9 og á árinu 2020.

7. Rekstur húsnæðis

Öryggisgæsla	137.547	132.017
Húsaleiga	3.075.888	2.947.404
Ræsting	1.669.951	1.546.811
Rafmagn	96.120	200.400
Hiti	193.771	5.331
	<u>5.173.277</u>	<u>4.831.963</u>

8. Rekstur bifreiða

Eldsneyti	1.639.036	1.664.386
Tryggingar	640.733	636.316
Viðhald bifreiða	1.248.721	1.196.846
Bifreiðaskattur	132.290	195.399
	<u>3.660.780</u>	<u>3.692.947</u>

9. Sameiginlegur kostnaður

Pappír prentun og ritföng	1.035.282	1.110.984
Áhöld og tæki	434.620	1.119.287
Kaffivörur	528.620	444.209
Hreinlætisvörur	36.440	55.351
Sími og burðargjald	1.089.539	833.800
Afnotagjöld búnaður	707.114	2.233.546
Internet	757.800	768.000
Aökeyptur akstur	2.223.000	1.041.900
Sérfræðibjónusta og þjónustusamingar	11.607.575	15.863.655
Önnur verkkaup	3.093.622	6.149.409
Tryggingar	327.040	375.108
Ýmis vörukaup	246.586	188.829
Auglýsingar	7.761.050	6.912.339
Ráðstefna, fundir og risna	667.437	574.231
Vinnufathaður	68.000	13.274
Annar kostnaður	247.915	139.548
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	25.779
Fært á bíöreikning	0	60.854
Tap af sölu fastafjármuna	152.000	0
	<u>30.983.640</u>	<u>37.910.103</u>

Skýringar

10. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistiðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld eru gjaldfærð við greiðslu.

	2021	2020
Vaxtatekjur	440.491	185.004
Vaxta og þjónustugjöld	5.792	(125.920)
Fjármagnstekjuskattur	(51.699)	(26.752)
	<hr/> 394.584	<hr/> 32.332

11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Bifreiðar	Innréttigar Ahöld	Samtals
Árslok 2020:			
Bókfært verð í ársbyrjun	12.867.300	2.474.198	15.341.498
Afskriftir á árinu	(2.037.050)	(788.640)	(2.825.690)
Bókfært verð í árslok	<hr/> 10.830.250	<hr/> 1.685.558	<hr/> 12.515.808
Bókfært verð í árslok 2020 reinist þannig:			
Kostnaðarverð	23.090.500	5.025.975	28.116.475
Afskrifað samtals	(12.260.250)	(3.340.417)	(15.600.667)
Bókfært verð í árslok	<hr/> 10.830.250	<hr/> 1.685.558	<hr/> 12.515.808
Árslok 2021:			
Bókfært verð í ársbyrjun	10.830.250	1.685.558	12.515.808
Selt á árinu	(272.000)	0	(272.000)
Afskriftir á árinu	(2.037.050)	(788.640)	(2.825.690)
Bókfært verð í árslok	<hr/> 8.521.200	<hr/> 896.918	<hr/> 9.418.118
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	20.370.500	5.025.975	25.396.475
Afskrifað samtals	(11.849.300)	(4.129.057)	(15.978.357)
Bókfært verð í árslok	<hr/> 8.521.200	<hr/> 896.918	<hr/> 9.418.118

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Bifreiðar	10%
Innréttingar	20%

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi elgnum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

12. Óinnheimt byggingarleyfisgjöld

Byggðasamlagið innheimtir í umboði aðildarsveitarfélaganna byggingar- og framkvæmdaleyfisgjald. Þessar kröfur eru færðar á nafnvirði.

Skýringar

13. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

14. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Aðalfundur Bergrisans bs. 2022

haldinn í Grænumörk 5, Selfossi þann 15. nóvember 2022
klukkan 13:00

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Hrönn Guðmundsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ellý Tómasdóttir, Díana Lind Sigurjónsdóttir, Jóhann Jónsson, Daði Geir Samúelsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Elías Bergmann Jóhannesson, Stefanía Hákonardóttir, Valtýr Valtýsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Jóhann Jóhannesson, Anna Linda Sigurðardóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Dagný Davíðsdóttir, Björn Þór Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Melkorka Jónsdóttir, Ísleifur Jónsson, Jón G. Valgeirsson, Ingvar Guðmundsson, Tómas Birgir Magnússon, Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Bragi Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Harpa Magnúsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Lóreley Sigurjónsdóttir, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Geir Sveinsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Árni Eiríksson, Sveinn Ægir Birgisson, Grétar Ingi Erlendsson, Kjartan Björnsson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Ísleifur Jónasson, Guri Hilstad Ólasson, Helga Björg Helgadóttir, Ása Berglind Hjálmarsdóttir.

Aðrir gestir: Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri, Arnar Haraldsson, Haraldur L. Haraldsson, Ellý Þorsteinsdóttir og Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans bs.

1. Setning

Fjóla St. Kristinsdóttir formaður stjórnar Bergrisans bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aðalfund Bergrisans bs.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Fjóla St. Kristinsdóttur lagði til að Anton Kári Halldórsson stjórni fundi og ritari Bergrisans bs. Ása Valdís Árnadóttir riti fundargerð.

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. Kosning í kjörbréfanefnd

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og lagði fundarstjóri til að í kjörnefnd verði Arna Ír Gunnarsdóttir, Árborg, formaður, Tómas Birgir Magnússon, Rangárþing Eystra og Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus.

Tillaga samþykkt samhljóða.

4. Stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á starfsemi Bergrisans bs.

HLH ráðgjöf hefur undanfarið ár unnið að stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á starfsemi Bergrisans bs. Nú er skýrslan um úttektina fullunnin og verður hún sem send til allra aðildarsveitarfélaganna í kjölfar aðalfundarins.

Haraldur Líndal Haraldsson, ráðgjafi HLH ráðgjöf, fór yfir skýrsluna sem er um málefni fatlaðs fólks ásamt greiningu á rekstri og stjórnsýslu Bergrisans bs. Jafnframt fór hann yfir tillögur til umbóta í rekstri og stjórnsýslu Bergrisans bs.

5. Kynning á niðurstöðu gæðaúttektar á starfssvæði Bergrisans bs.

EAP ráðgjöf slf. hefur undanfarið ár unnið mat á innra eftirliti og gæðaúttekt á starfssvæði Bergrisans bs.

Ellý Þorsteinsdóttir kynnti niðurstöður gæðaúttektar á starfssvæði Bergrisans bs.

6. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Arna Ír Gunnarsdóttir kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Á fundinn eru mættir 34 aðalmenn og 9 varamenn af 53 fulltrúum og telst því fundurinn lögmætur.

7. Ráðning löggilts endurskoðanda

Stjórn lagði til að Ólafur Gestsson, PWC, verði endurráðin sem endurskoðandi Bergrisans bs.

Tillaga samþykkt samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun 2023 kynnt og lögð fram til samþykktar

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri Árborgar gerir grein fyrir útkomuspá 2022 og fjárhagsáætlun Bergrisans bs. 2023.

Áætlaður rekstrarkostnaður 2.460.664.600.- kr. Áætlaðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði 1.935.038.000.- kr. Áætlaðar greiðslur sveitarfélaganna til Bergrisans v/útsvars 333.552.000.- kr. Áætluð fjárþörf í málaflokknum er 192.074.600.- kr.

Fjárhagsáætlun 2023 er samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:45

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn í Þingborg í Flóahreppi þriðjudaginn 24. nóvember 2022 kl.15:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Geir Sveinsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Sandra Sigurðardóttir, Dagný Davíðsdóttir, Daði Geir Samúelsson, Árni Eiríksson, Anný Ingimarsdóttir, Edda Sigurjónsdóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Hólmfríður R. Rúnarsdóttir og í fjarfundi var Ellíði Vignisson.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

Auk þess sat fundinn Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Dagskrá aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. fer yfir ársskýrslu fyrir starfsárið 2021.

2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs.

Ársreikningur fyrir árið 2021 lagður fram. Samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2023.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir fyrstu þrijá mánuði ársins 2023 þar sem fyrirliggjandi er að Hveragerðisbær og Ölfus gangi út úr SVÁ frá og með 1. mars 2023. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

4. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.

Engar tillögur hafa borist um breytingar á samþykktum.

5. Ráðning löggilts endurskoðanda.

Deloitte ehf. hefur séð um endurskoðun reikninga og lagt til að halda því áfram. Samþykkt samhljóða.

6. Staða Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Ása Valdís Árnadóttir, formaður NOS fór yfir stöðu byggðasamlagsins, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Fyrir liggur að breytingar verði á byggðasamlaginu á næstu mánuðum. Breytingarnar sem verða er að svæðið sem áður var eitt þjónustusvæði mun á fyrstu mánuðum 2023 verða að þremur þjónustusvæðum; Ölfus, Uppsveitir og Flói og Hveragerði. Verið er að vinna að nánari útfærslum á hverju þjónustusvæði fyrir sig.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál voru lögð fram.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>
Sent: 14. nóvember 2022 08:05
To: aldis@fludir.is; Anton Kári Halldórsson; Ásta Stefánsdóttir; Elliði Vignisson; fjlask@arborg.is; Geir Sveinsson; Grímsnes- og Grafningsreppur (gogg@gogg.is); Haraldur Þór Jónsson (haraldur@skeidgnup.is); Hulda Kristjánsdóttir; iris@vestmannaeyjar.is; Mýrdalshreppur (sveitarstjori@vik.is); Sveitarstjóri - Rangárþing ytra (sveitarstjori@ry.is); Sveitarstjóri Skaftárhrepps; Valtýr Valtýsson (valtyr@asahreppur.is)
Cc: Höskuldur Þorbjarnarson; Sandra Dís Hafþórsdóttir; Rósa Sif Jónsdóttir; Bjarni Guðmundsson
Subject: 2211023HS - fundargerð 222. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands
Attachments: 222_fundur_fundargerd.pdf
One: -1

Góðan dag

Meðfylgjandi á viðhengi er fundargerð 222. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands til kynningar hjá aðildarsveitarfélögnum.

Einhverjur hafa spurt um gjaldskrá HSL næsta ár – en hún verður birt á næstu dögum í samræmi við tillögu á aðalfundinum 28. október sl.

Vil benda sérstaklega á bókun í fundargerðinni undir lið 3 g) en þar segir:

g. Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Suðurlandi

Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði eru háð starfsleyfi heilbrigðisnefnda skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Jafnramt er öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar. Sbr. 2. Ml. 13. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Sveitarstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundiinni stöðvun. Skv. 2. mgr. 4. ml. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bréf var sent aðildarsveitarfélögum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 3. október sl. undir efnisheitinu: „*Landmótun vegna losunar á óvirkum úrgangi*“. Þar var bent á starfsleyfisskyldu og jafnframt óskað estir upplýsingum um slíka staði í viðkomandi sveitarfélagi.

Jafnframt er farið fram á að sendar verði upplýsingar um öll útgefin framkvæmdaleyfi á vegum sveitarfélaganna vegna efnistöku jarðefna s.s. möl og sand.

Kveðja,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri

Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Fundargerð

**222. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands
haldinn föstudaginn 11. nóvember 2022 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, 800 Selfossi.**

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Bragi Bjarnason, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson (í fjarfundabúnaði), Eggert Valur Guðmundsson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifandaði fundargerð.

Páll Tómasson og Fjóla St. Kristinsdóttir boðuðu forföll. Varamenn Eggert Valur Guðmundsson og Bragi Bjarnason eru mætt.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a) Starfsleyfi

Málum lokið:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2210032HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vínþúð Á.T.V.R. Þorlákshöfn	815	12.10.2022
2209105HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Livefood ehf.	810	30.09.2022
2209102HS	Starfsleyfi - tímabundið v. bjórhátiðar	Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf.	810	30.09.2022
2209090HS	Starfsleyfi, endurnýjun og flutn.hús.	Hársnyrtistofan Dizo	900	27.09.2022
2209083HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Einar Jónsson	804	26.09.2022
2209069HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Líkamsræktarstöðin ehf - Hressó	900	21.09.2022
2209072HS	Starfsleyfi stækkan	South Central Motel Brautarholti - South central sf.	804	21.09.2022
2209073HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsveita Hrútafell, Eyvindarhólum og Önundarhorni	861	21.09.2022
2209066HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Smjer ehf.	803	20.09.2022
2209059HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Austurmörk ehf.	810	19.09.2022
2209062HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Volcano kebab ehf.	800	19.09.2022
2209053HS	Starfsleyfi endurnýjun	Framrás ehf. Bílaverkstæði	870	14.09.2022
2209050HS	Starfsleyfi endurnýjun	Skaftárreppur v/Kirkjub.skóla og íþr.hús	880	13.09.2022
2209037HS	Starfsleyfi nýtt	Heilbrigðisstofnun Suðurlands – Móberg hjúkrunarheimili	800	12.09.2022
2209038HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból V-Sámsstöðum, Fljótshlíð	861	12.09.2022
2209044HS	Starfsleyfi breyting	Siggagerði ehf	801	12.09.2022
2209027HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Bifreiðaverkstæði Muggs - Sigurbjörg Vilhjálmsdóttir	900	08.09.2022



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2209024HS	Starfsleyfi, tímabundið - niðurrif Tobbakot 1	Kristján E Kjartansson	850	08.09.2022
2209025HS	Starfsleyfi, tímabundið - niðurrif Tobbakot 3	Rós Ingadóttir	850	08.09.2022
2209021HS	Starfsleyfi, brá starfsemi og kt.	Fiskibarinn Sæland ehf.	900	07.09.2022
2209005HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Svölukot	900	05.09.2022
2208118HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Íbenholt ehf	900	31.08.2022
2208120HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Snyrtistofan Ylur ehf.	860	31.08.2022

Afgreiðsla staðfest á þegar útgefnum leyfum.

Mál í vinnslu:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2211037HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Kópsvatni, Hrunamannahreppi	845	10.11.2022
2211041HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Úthlið, Skraftártungu - Hlíðarból ehf	881	10.11.2022
2211042HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Hraunkoti, Skraftárreppi	880	10.11.2022
2211030HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Hulduhólar Sumarhús ehf.	804	09.11.2022
2211017HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Dagar ehf. - þvottahús ofl.	801	03.11.2022
2211018HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Brekkum I, Mýrdalshrepp	871	03.11.2022
2211019HS	Starfsleyfi ný starfsemi	CoreTraining ehf - Vonarland Heilsunuddstofa, Austurvegi 10	800	03.11.2022
2211013HS	Starfsleyfi endurnýjun	Ölfus v/ Versalir, samkomusalur	815	02.11.2022
2211014HS	Starfsleyfi endurnýjun	Bílaþjónustan Hellu	850	02.11.2022
2211001HS	Starfsleyfi endurnýjun	Matthildur Pálsdóttir – Miðgarður heilsulind	803	01.11.2022
2210080HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Múli, Skraftártungu	881	31.10.2022
2210071HS	Starfsleyfi br. á starfsemi	Hótel Hvolsvöllur - Sonata hótel ehf	860	25.10.2022
2210072HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Kálfholt, gisting - Ísleifur Jónasson	851	25.10.2022
2210075HS	Starfsleyfi - eigendaskipti	D-19 ehf. - Elding apartments	816	25.10.2022
2210062HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Tréhaus ehf. - Gisting - Meyjaskemman	806	24.10.2022
2210063HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Tréhaus ehf. - Gisting - Skemman	806	24.10.2022
2210064HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Tréhaus ehf. - Gisting - Sólvellir	806	24.10.2022
2210061HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Southcoast Adventure Base - Brú	861	21.10.2022
2210052HS	Starfsleyfi nýtt	Kötlusetur ses. - miðstöð menningar, menntunar og ferðamála í Mýrdalshreppi	870	20.10.2022
2210053HS	Starfsleyfi, nýtt	Bláskógabyggð v/gámasvæði Reykjaskógi, Efri-Reykjum	806	20.10.2022
2210043HS	Starfsleyfi tímabundið	Kambagil ehf. - stígagerð	810	17.10.2022
2210044HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Jón Ögmundsson v/alifugla Hjallakróki	815	17.10.2022
2210045HS	Starfsleyfi, nýtt	Landeldi ehf. - Landeldi fiskislátrun	815	17.10.2022
2210035HS	Starfsleyfi nýtt	Grímsnes- og Grafningshreppur – landmótunarsvæði Seyðishólum	804	13.10.2022
2210029HS	Starfsleyfi vatnsveita	Orka náttúrunnar ohf. v/Vatnsveitu á Nesjavöllum	805	11.10.2022
2210014HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Helga Dúnu Jónsdóttir – Grænigarður gisting	881	07.10.2022
2210015HS	Starfsleyfi nýtt	Bláskógabyggð v opið leiksvæði Laugarási	806	07.10.2022
2209103HS	Starfsleyfi, nýtt	Heiðarás ehf - Efnistaka í Skálabrekku	806	30.09.2022



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2209104HS	Starfsleyfi, tímabundið -	Jón Gíslason - Asbest Fagurgerði 10, Selfoss	800	30.09.2022
2209099HS	Starfsleyfi br. á húsnæði	Grímsborgir ehf	805	29.09.2022
2209097HS	Starfsleyfi nýtt	Lilja Hrund Harðardóttir - Selhólar gisting	861	28.09.2022
2209085HS	Starfsleyfi, niðurrif á hlöðu	Dóra Björk Gunnarsdóttir	900	26.09.2022
2209086HS	Starfsleyfi nýtt	Bláskógabyggð v Landmótun Stíflisdal	806	26.09.2022
2209087HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Fjallið Hafþór ehf. - gisting	845	26.09.2022
2209088HS	Starfsleyfi endurnýjun	Kjörís ehf	810	26.09.2022
2209071HS	Starfsleyfi, tímabundið - niðurrif Eyravegur 5	ICE work ehf.	800	21.09.2022
2209063HS	Starfsleyfi, nýtt	Bláskógabyggð v Landmótun Spóastöðum	806	20.09.2022

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar

- Björgunarsveitin Víkverji, kt. 691177 0339, Smiðjuvegi 15, 870 Vík, vegna flugeldasýningar 31. desember 2020 í Vík í Mýrdalshreppi, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 5. desember 2022**
- Bílapjónustan Hellu ehf, kt. 420505-0190, Dynskálum 24, 850 Hella, vegna Bifreiðaverkstæðis Bílapjónustan Hellu að Dynskálum 24 á Hellu, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 30. nóvember 2022**
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Dalvegur 10-14, 201 Kópavogi – starfsleyfis vegna afgreiðslustöðvar eldsneytis að Nesbraut 3a, 815 Þorlákshöfn – sjá slóð [hér](#)
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 30. nóvember 2022**
- Jón Ögmundsson, kt. 1209565829, Króki, 816 Ölfus, vegna alifuglaræktunar í Hjallakróki í Ölfusi, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 29. nóvember 2022**
- Hartmann Ásgrímsson, kt. 0708554969, Breiðabliksvegur 5, 900 Vestmannaeyjar, vegna Tannlæknastofu Hartmanns að Sólhlíð 6 í Vestmannaeyjum, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 2. nóvember 2022**
- Jón Gíslason, kt. 3101534439, Fagurgerði 10, 800 Selfoss, vegna vinnu við að fjarlægja þakplötur sem innihalda asbest af íbúðarhúsi við Fagurgerði 10 á Selfossi, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 2. nóvember 2022**
- Ingvar Helgason, kt. 0302655649, Sámsstöðum, 861 Hvolsvöllur, vegna söfnunar og flutnings á seyru í Rangárpingi eystra, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 2. nóvember 2022**



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

- Kjörís ehf., kt. 6901694289, Austurmörk 15, 810 Hveragerði, vegna framleiðslu á ís, íssósum og dýfum að Austurmörk 15. 810 Hveragerði, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 28. október 2022**
- Dóra Björk Gunnarsdóttir, kt. 250874-4489, Hátún 4, 900 Vestmannaeyjum vegna niðurriðs á hlöðu í Þorlaugargerði vestra, 900 Vestmannaeyjum, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 24. október 2022**
- Ormsstaðir ehf., kt. 571201 5260, Ormsstöðum, 805 Selfoss, vegna svínaræktar að Ormsstöðum í Grímsnes- og Grafningshreppi. sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 28. september 2022**
- Fossdekk ehf., kt. 600198 2549, Eyravegi 57, 800 Selfoss, vegna hjólbardaverkstæðis, sjá slóð [hér](#), og vegna smurstöðvar, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 28. september 2022**

b) Brennuleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2211039HS	Brennuleyfi, Rangárþing ytra - Flugeldasýning og brenna Rangárþökkum, áramót 2022	Rangárþing ytra	850	10.11.2022
2211040HS	Brennuleyfi, Rangárþing ytra - Brenna Vestari Miðkotsskák, áramót 2022 - umsögn	Rangárþing ytra	850	10.11.2022
2210028HS	Tímabundið starfsleyfi - Flugeldasýning í Vík 31. desember 2022	Björgunarsveitin Víkverji	870	11.10.2022

Til kynningar/staðfestingar

b) Höfnun og afturköllun starfsleyfa:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2210068HS	Höfnun Starfsleyfi ekki í samræmi við skipulag	Dagný Rós Stefánsdóttir – gisting Þverholti	851	25.10.2022
2210042HS	Starfsleyfi hafnað vegna gistingar í sumarhúsi	Redstone ehf. - Brekkur 15 í Grímsnes- og Grafningshreppi.	805	17.10.2022
2209093HS	Starfsleyfi hafnað vegna gistingar í sumarhúsi	Cocoon ehf. - Vallarholti 17 í Bláskógabyggð	806	28.9.2022
2209070HS	Starfsleyfi ný starfsemi	AC-Raf ehf - Flugbrautarvegur 6 í Bláskógabyggð	806	21.09.2022
2209006HS	Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hætt	Dalalind ehf. vegna gistingar í Golden Circle Apartment	840	6.9.2022

Til kynningar/staðfestingar

d) Umsagnir til sýslumanna

Vegna veitinga- og gistileyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211003HS	Rekstrarleyfi - Eigendaskipti	D-19 ehf. - Elding apartments	816	01.11.2022
2211002HS	Rekstrarleyfi - nýtt	Lilja Hrund Harðardóttir - Selhólar	861	01.11.2022
2210073HS	Rekstrarleyfi - Nýtt	Tréhaus ehf. - Gisting - Meyjaskemman	806	25.10.2022
2210070HS	Rekstrarleyfi - Nýtt	Tréhaus ehf. -Gisting - Skemman	806	25.10.2022
2210069HS	Rekstrarleyfi - Nýtt	Tréhaus ehf. - Gisting - Sólvellir	806	25.10.2022



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2210066HS	Rekstrarleyfi, br.starfsemi	Hótel Hvolsvöllur - gisting Sonata hótel ehf	860	24.10.2022
2210055HS	Rekstrarleyfi vegna smásölu áfengis	Ölvisholt ehf. v/brugghús Ölvisholti	803	20.10.2022
2210041HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi - hafnað vegna skipulags	Redstone ehf. - Brekkur 15 í Grímsnes- og Grafningshreppi.	805	13.10.2022
2210034HS	Rekstrarleyfi - Nýtt	Einar Jónsson	804	13.10.2022
2210027HS	Rekstrarleyfi - Nýtt	Fjallið Hafþór ehf.	846	11.10.2022
2210026HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi	Kálfholt, gisting - Ísleifur Jónasson	851	11.10.2022
2209092HS	Rekstrarleyfi nýtt - gisting í sumarhúsi	Hulduhólar Sumarhús ehf.	804	28.09.2022

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

Umsagnir til sýslumanna vegna tækifærисleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2210076HS	Tækifærисleyfi í Árshátið Sveitarfélagsins Ölfus	Ölfus v/ Versalir, samkomusalur	815	25.10.2022
2210054HS	Tækifærисleyfi	Rangárþing eystra v/ Félagsheimili Hvoll, Hvolsvelli	860	20.10.2022
2210030HS	Tækifærисleyfi Konukvöld Rangárhöllinni	Kvenfélagið Unnur	850	12.10.2022
2210012HS	Umsögn vegna regnbogahátiðarinnar	Mýrdalshreppur v/ Leikskálar, félagsheimili	870	6.10.2022
2209096HS	Tækifærисleyfi - Regnbogahátið 22 - íþrh..	Tónræktin ehf.	870	28.9.2022

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

e) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211015HS	Íbúabyggð við Ægissíðu - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	02.11.2022
2211012HS	Ásatúnsvallarland, Hrunamannahreppi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	01.11.2022
2211011HS	Öndverðanes, Kambshverfi, Hlíðarhólsbraut, fristundabyggð - Umsögn um lýsingu deiliskipulagbreytingar	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	01.11.2022
2211010HS	Neðan-Sogsveg, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um lýsingu deiliskipulagsbreytingar	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	01.11.2022
2211009HS	Galdramýri, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	01.11.2022
2211008HS	Hólakot, Hrunamannahreppi - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	01.11.2022
2211007HS	Austurey 1 og 3, Eyrargata 9 og Illósvegur 6, Bláskógarbyggð - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	01.11.2022
2211006HS	Úthlíð - Umsögn um lýsingu á aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	01.11.2022
2211005HS	Klif, Bláskógarbyggð - Umsögn um	Skipulags- og byggingafulltrúi	840	01.11.2022



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

	aðalskipulagslysingu	uppsveita Árnessýslu		
2210078HS	Hemlulundur - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	26.10.2022
2210077HS	Rauðsbakki 2 - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	26.10.2022
2210039HS	Uxahryggur - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	13.10.2022
2210038HS	Lækur, Holtum Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	13.10.2022
2210037HS	Svínhagi Ás - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	13.10.2022
2210036HS	Gljúfurárholt land 7 - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	13.10.2022
2210023HS	Reykholts, Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	11.10.2022
2210022HS	Laugarás þérrtbýli, endurskoðun - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	11.10.2022
2210021HS	Laugarás, frístundabyggð - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	11.10.2022
2210020HS	Laugarás, Bláskógabyggð - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	11.10.2022
2210019HS	Lækjarholt 1, Flóahreppi - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu lýsing	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	11.10.2022
2209076HS	Beindalsholt - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	21.09.2022
2209075HS	Rangá gistið - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	21.09.2022
2209074HS	Skóla- og íþróttasvæði Hellu - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	21.09.2022

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

Mat á umhverfisáhrifum

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2210018HS	Eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum - Umsögn um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	10.10.2022

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

1. Rekstraryfirlit

Staða kynnt – kynnt á fundinum

2. Aðalfundur 28. október 2022

Á aðalfundinum var kynnt skýrsla um liðið starfsár, endurskoðaðir reikningar og kynnt tillaga að fjárhagsáætlun auk tillögu að gjaldskrá fyrir næsta starfsár. Í samræmi við gr. 2.4 í samþykkt fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. nr. 1270/2021 var umfjöllun aðalfundar um framangreint tekið til afgreiðslu af heilbrigðisnefnd. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá var samþykkt og verður gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sent til birtingar í b-deild Stjórnartíðinda í samræmi 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Á aðalfundinum var jafnframt lagt til að stjórnin taki til skoðunar tölfraði og samanburð gjaldskrár og framlaga milli svæða og leggi fyrir á næsta ársþingi og verði fjallað um það að ári. Var þessi tillaga samþykkt.

3. Úr eftirliti

a. Hörgslandi 1, Kirkjubæjarklaustri

Til kynningar eftirlitsskýrsla með ítrekuðum kröfum um úrbætur. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

b. Olís - Litla-Kaffistofan, Ölfusi

Til kynningar bréf með kröfum um úrbætur, frestur er liðinn til að gera úrbætur í mengunarvörnum og til að fjarlægja neðanjarðargeymi ásamt tilheyrandi lögnum sem tekið hefur verið úr notkun. Jafnframt er bent á að skv. álti Heilbrigðisnefndar Suðurlands, þá er eldsneytisafgreiðslan staðsett innan svæðis í flokki A skv. 6. gr. rgl. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og því skulu mengunarvarnir stöðvarinnar, þ.m.t. gerð olíugeyma og lekavarna, taka mið af því, sbr. 26. gr. nefndrar reglugerðar. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

c. Bláskógabyggð vegna landmótunarsvæðis Spóastöðum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir Spóastaði eru birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til kynningar og athugasemda. Bláskógabyggð fór jafnframt fram á undanþágu, til Umhverfisorku og loftslagsráðuneytisins, frá starfsleyfi til að hefja hreinsun nú þegar þar sem brýnt þykir að ljúka hreinsun svæðisins sem allra fyrst.

d. Þrastaskógr tjalðsvæði, Grímsnes- og Grafningshreppi

Til kynningar - Á tjalðsvæðinu í Þrastaskógi hefur eðli starfseminnar verið breytt á þann veg að nú er hafin sala gistingar í trukkum og er jafnframt fyrirhuguð sala gistingar í kúluhýsum. Málinu var vísað til byggingafulltrúa og hefur hann stöðvað starfsemina þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir og ekki byggingaleyfi vegna mannvirkja á staðnum.

e. Íslenska gámafelagið Hellislandi, Selfossi

Til kynningar – Staða ÍGF rædd gagnvart Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Jafnframt hefur fyrirtækið óskað eftir fundi með HSL. Framkvæmdastjóri mun upplýsa heilbrigðisnefnd um stöðuna á næsta fundi.

f. Landmótun í Búastaðagryfju, Vestmannaeyjum

Til kynningar eftirlitsskýrsla ásamt eftirfylgni vegna landmótunar í Búastaðagryfju, Vestmannaeyjum. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

g. Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Suðurlandi

Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði eru háð starfsleyfi heilbrigðisnefnda skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Jafnramt er öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafssbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar. Sbr. 2. Ml. 13. Gr. skipulagslag nr. 123/2010.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Sveitarstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun. Skv. 2. mgr. 4. ml. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bréf var sent aðildarsveitarfélögum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 3. október sl. undir efnisheitinu: „*Landmótun vegna losunar á óvirkum úrgangi*“. Þar var bent á starfsleyfisskyldu og jafnframt óskað eftir upplýsingum um slíka staði í viðkomandi sveitarfélagi.

Jafnframt er farið fram á að sendar verði upplýsingar um öll útgefin framkvæmdaleyfi á vegum sveitarfélaganna vegna efnistöku jarðefna s.s. möl og sand.

4. Aðsend erindi

- Matvaelastofnun – endurskoðun LEMA (landsbundin eftirlitsáætlun um matvælaeftirlit bæði hjá MAST og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna)**

Til kynningar – sjá slóð: <https://www.mast.is/static/files/upplýsingar/LEMA/lema-utgafa-22.02.2022.pdf>

- Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneyti – gildistaka reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur**

Til kynningar – sjá slóð á reglugerðina: <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/uol/nr/0830-2022>

Á aðalfundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) 20. október 2022 var málið til umræðu og er tekið undir eftirfarandi ályktun í kjölfar þess fundar þar sem segir:

Stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, SHÍ lýsir yfir áhyggjum af innleiðingu skráningarreglugerðar þar sem skammur tími er til stefnu og ekki hefur enn verið haft samband við heilbrigðiseftirlitssvæðin um hvernig skuli fara með umsóknir um mál sem eru á forræði þeirra þ.e. skráning á eftirlitsskyldum fyrirtækjum hjá HES. Þau markmið sem stefnt er að með nýrri reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur eru góð og gild sem felast í að bæta viðmóti, einfalda aðgengi að stjórnsýslu og auka skilvirkni.

Það er þó ljóst að undirbúningur á rafræni gátt hefur tekið lengri tíma en áætlað var og því sé skynsamlegt að fresta gildistíma reglugerðarinnar þar til rafræn skráning í miðlæga rafræna gátt verður tilbúin og tengd við heilbrigðiseftirlitssvæðin.

- Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneyti – ný reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim**

Til kynningar – sjá slóð á reglugerðina: <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/23251>

- Umhverfisstofnun – tilnefning í vatnasvæðanefnd**

Bréf Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir tilnefningu heilbrigðisnefnda í vatnasvæðanefnd. Heilbrigðisnefnd Suðurlands tilnefnir Sigrún Þórmundsdóttur, framkvæmdastjóra og Ágúst Óskar Sigurðsson til vara.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

5. Önnur mál

- a. Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)

Til kynningar

- b. Stefnumörkun um símenntun starfsmanna

Til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Bragi Bjarnason

Kjartan Ólafsson

Örn Friðriksson

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir
Kennitala: 0410602639
Tími: 11.11.2022 15:59
Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Örn Friðriksson
Kennitala: 1201594379
Tími: 11.11.2022 18:01
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 11.11.2022 22:50
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Bragi Bjarnason
Kennitala: 2504815359
Tími: 11.11.2022 16:55
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 11.11.2022 18:30
Samþykkt

Undirritað með OneSign

*** Rafræn skilríki**

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 11.11.2022 23:47
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>
Sent: mánudagur, 5. desember 2022 11:27
To: aldis@fludir.is; Anton Kári Halldórsson; Ásta Stefánsdóttir; Elliði Vignisson; fjoask@arborg.is; Geir Steinsson; Grímsnes- og Grafningshreppur (gogg@gogg.is); Haraldur Þór Jónsson (haraldur@skeidgnup.is); Hulda Kristjánsdóttir; iris@vestmannaeyjar.is; Mýrdalshreppur (sveitarstjori@vik.is); Sveitarstjóri - Rangárþing ytra (sveitarstjori@ry.is); Sveitarstjóri Skaftárhrepps; Valþýr Valtysson (valtyr@asahreppur.is)
Cc: Bjarni Guðmundsson; Rósa Sif Jónsdóttir; Sandra Dís Hafþórsdóttir; Höskuldur Þorbjarnarson
Subject: 2212005HS - fundargerð 223. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands til kynningar
Attachments: 223_fundur_fundargerd.pdf
One: -1

Góðan dag

Meðfylgjandi á viðhengi er fundargerð 223. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands til kynningar hjá aðildarsveitarfélögnum.

Vil benda sérstaklega á bókun í fundargerðinni undir lið 4 a) en þar segir:

a. Drög að verklagsreglum vegna bíflaka á lóðum

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir að taka upp nýjar verklagsreglur vegna hreinsunar m.a. á einkalóðum og lendum. Verklagsreglurnar verða kynntar á heimasíðu embættisins.

Þetta er í undirbúningi og verður kynnt nánar um leið og það verður tekið upp

Til fróðleiks þá verður þetta í stíl við verklagsreglur sem hafa verið teknar upp hjá nágrönum okkar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja sjá slóð á þeirra verklag: <https://hes.is/mengunareftirlit/lodahreinsun/>

Einnig bent á að gjaldskrá HSL hefur verið birt í Stjórnartíðindum í samræmi við tillögu á aðalfundinum 28. október sl. sjá slóð: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=e5e2a039-751a-4cd1-a6fe-b96fa12c433d>

Kveðja,
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

 **Sigrún Guðmundsdóttir**
framkvæmdastjóri
Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

**Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stillaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilvijun, mistök eða án sérstakrar heilmildar tekur við símskeytum fíarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt silkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í sílum tilfellum, sbr. 5. mgr. 47. gr. fíarskiptalaga nr. 81/2003.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Fundargerð

223. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands
haldinn föstudaginn 2. desember 2022 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifandaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a) Starfsleyfi

Í vinnslu:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211107HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Langahlíð - Vinjar ehf.	851	30.11.2022
2211109HS	Starfsleyfi breyting á húsnæði	Ranya Kebab - Ranya Kebab ehf.	900	30.11.2022
2211101HS	Starfsleyfi -skráningarskyld	Arcanum Fjallaleiðsögumenn ehf. - Ytri Sólheimum, Mýrdal	871	29.11.2022
2211095HS	Starfsleyfi – nýtt leyfi	Vallarstál ehf.	860	28.11.2022
2211088HS	Starfsleyfi, breyting - Reykjabúið Lambhaga	Reykjabúið ehf.	851	24.11.2022
2211083HS	Starfsleyfi - matvælavagn	Helgi Eggertsson	810	23.11.2022
2211074HS	Starfsleyfi endurnýjun	Aðalsteinn Guðmundsson - Hestakráin	804	22.11.2022
2211079HS	Starfsleyfi tímabundin starfsemi	Ístak hf. - starfsmannabúðir Hellisheiði	816	22.11.2022
2211080HS	Starfsleyfi endurnýjun	Guðrún Sigurðardóttir - Tjaldsvæðið Kleifar	881	22.11.2022
2211069HS	Starfsleyfi endurnýjun - áður sótt um á rangri kennitölu	Stakkur 1 ehf. gístileyfi	804	18.11.2022
2211055HS	Starfsleyfi, endurnýjun - Rarik aðveitustöð Þorlákshöfn	Rarik ohf. Aðveit. Þorlákshöfn	815	17.11.2022
2211056HS	Starfsleyfi, endurnýjun - Rarik aðveitustöð Hveragerði	Rarik ohf. Aðveit. Hveragerði (Völlum)	816	17.11.2022
2211057HS	Starfsleyfi, endurnýjun - Rarik aðveitustöð Selfossi	Rarik ohf. Aðveit. Selfoss	800	17.11.2022
2211058HS	Starfsleyfi, endurnýjun - Rarik aðveitustöð Flúðir	Rarik ohf. Aðveit. Flúðum	845	17.11.2022
2211064HS	Starfsleyfi, endurnýjun - Rarik aðveitustöð Reykholt	Rarik ohf. Aðveit. Reykholti	806	17.11.2022
2211065HS	Starfsleyfi, endurnýjun - Rarik aðveitustöð Hella	Rarik ohf. Aðveit. Hellu	850	17.11.2022
2211066HS	Starfsleyfi, endurnýjun - Rarik aðveitustöð Hvolsvöllur	Rarik ohf. Aðveit. Hvolsvelli	860	17.11.2022



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2211037HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Kópsvatni, Hrunamannahreppi	845	10.11.2022
2211041HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Úthlíð, Skaftártungu - Hlíðarból ehf	881	10.11.2022
2211030HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Hulduhólar Sumarhús ehf.	804	09.11.2022

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar

- Björgunarfélagið Eyyvindur, kt. 460100 2509, Smiðjustíg 8, 845 Flúðir, vegna flugeldasýningar við bakka Litlu laxár hjá tjaldstæðinu á Flúðum 7. janúar 2023, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 19. desember 2022**
- Björgunarsveitin Lífgjöf, kt. 510590 2879, Hraungerði, 881 Kirkjubæjarklaustur, vegna flugeldasýningar að Herjólfss töðum í Skaftárhreppi 31. desember 2022, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 15. desember 2022**
- Rangárþing ytra, kt. 5206023050, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella, vegna flugeldasýningar á Rangárþökkum við Hellu 31. desember 2022, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 12. desember 2022**
- Bláskógabyggð, kt. 510602 4120, Aratungu, 806 Selfoss, vegna landmótunar Spóastöðum, 806 Selfoss, sjá slóð [hér](#)
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 9. desember 2022**
- Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698 2109, Stjórnsýsluhúsinu Borg, 805 Selfoss, vegna landmótunar með óvirkum jarðvegsúrgangi á efnistökusvæði E17 í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2022-2032, sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 8. desember 2022**

b) Tóbakssöluleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2211067HS	Tóbakssöluleyfi - endurnýjun	Þrastalundur - Celio veitingar ehf.	805	17.11.2022

Afgreiðsla staðfest

c) Brennuleyfi

Málsnúmer	Heiti	Póstnr	Móttekið
2211082HS	Brennuleyfi - Flugeldasýning Stjórnsandi um áramót 2022	880	23.11.2022
2211084HS	Brennuleyfi - Flugeldasýning - Sly savarnafélagið Landsbjörg	815	23.11.2022
2211068HS	Brennuleyfi og flugeldas Vestmannaeyjabær -	900	18.11.2022



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2211050HS	Brennuleyfi, Björgunarsveitin Lifgjöf - Brenna Herjólfss töðum 1 áramót 2022	880	17.11.2022
2211051HS	Brennuleyfi, björgunarfélagið Eyvindur - Flugeldasýning á Flúðum 7 janúar 2023	845	17.11.2022
2211052HS	Brennuleyfi, Hveragerðisbær - Flugeldasýning og brenna minni en 100m³ áramót 2022	810	17.11.2022
2211053HS	Brennuleyfi, Rangárþing eystra - Brenna undir 100m³ Hvolsvöllur áramót 2022	860	17.11.2022
2211063HS	Brennuleyfi - Björgunarsveitin Ingunn	840	17.11.2022
2211039HS	Brennuleyfi, Rangárþing ytra - Flugeldasýning og brenna Rangárbökum, áramót 2022	850	10.11.2022
2211040HS	Brennuleyfi, Rangárþing ytra - Brenna Vestari Miðkotsskák, áramót 2022	851	10.11.2022

d) Afturköllun starfsleyfa:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2211071HS	Afturköllun starfsleyfa - starfsemi hættir	Gljásteinn ehf. - v. fjallaskála í Fremstaveri, Árbúðum og Gíslaskála	806	21.11.2022
2211059HS	Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir	Spói Heimagingist - Gunnhildur E Kristjánssdóttir	860	17.11.2022
2211025HS	Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hætt	Kaffihús Hamragörðum - Southcoast Adventures ehf.	861	7.11.2022

Til kynningar/staðfestingar

e) Umsagnir til sýslumanna

Vegna veitinga- og gistileyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211073HS	Rekstrarleyfi, umsögn.	Fiskibarinn Sæland ehf.	900	21.11.2022
2211047HS	Rekstrarleyfi leiðréttинг á kennitölu - var sótt um á rangri	Stakkur 1 ehf. – gisting Einar Jónsson	804	15.11.2022
2211002HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi	Lilja Hrund Harðardóttir, Gisting Selhólum	861	10.11.2022
2211032HS	Rekstrarleyfi – ný starfsemi	Stefán Guðmundsson – gisting Ásaskóla	804	10.11.2022
2211022HS	Rekstrarleyfi – ný starfsemi	Helga Dúnu Jónsdóttir - Grænigarður	881	04.11.2022

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

Umsagnir til sýslumanna vegna tækifærисleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211048HS	Tækifærисleyfi - Hestamannafélagið Geysir	Rangárþing eystra v/ Félagsheimili Hvoll, Hvolsvelli	860	15.11.2022

f) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211110HS	Efnisvinnsla við Vík - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	30.11.2022



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2211105HS	Skiðbakki - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	29.11.2022
2211104HS	Rimakot, tengivirki - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	29.11.2022
2211103HS	Skeggjastaðir land 10 - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	29.11.2022
2211102HS	Skeggjastaðir land 18 - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	29.11.2022
2211078HS	Bæjarás veiðihús, Laxárdalur við Stóru-Laxá - Umsögn um aðalskipulagbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	22.11.2022
2211077HS	Umsögn um lýsingu og deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	22.11.2022
2211076HS	Efri-Ey - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	22.11.2022
2211075HS	Snaebýli - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	22.11.2022

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

Mat á umhverfisáhrifum

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211111HS	Efnistaka í Höfðafjöru, Kötlutanga, sunnan Hjörleifshöfða - Umsögn um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	30.11.2022
2211081HS	Mölnunarverksmiðja í Þorlákshöfn - Umsögn um matsskyldu	Skipulagsstofnun	105	22.11.2022

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

g) Rekstraryfirlit

Staða kynnt.

2. Úr eftirliti

a. Vöktun fráveitu Hveragerðisbæjar

Við sýnatöku 13. júlí sl. mældist saurkólímengun rétt yfir viðmiðunarmörkum, þ.e. 460 saurkólíbakteríur og 110 enterococcar í 100 ml. síun en mörkin eru við 100 í báðum mæligildum. Aftur 16. nóvember voru tekin sýni í kjölfar þess að stöðin fór á yfirfall og þá kom í ljós saurkólímengun yfir mörkum þ.e. 98.000 saurkólíbakteríur og 1.200 enterócoccar. Þriðja sýnið var tekið 28. nóvember sl. og reyndust niðurstöður 17.000 saurkólíbakteríur og 820 enterococcar. Á þeim tímapunkti var ekkert yfirfall og áin „eðlileg“ að vöxtum.

Framkvæmdaáætlun Hveragerðisbæjar varðandi hreinsistöðina gerir ráð fyrir að settur verið upp geislunararbúnaður 2023. En miðað við hversu oft stöðin fer á yfirfall og vegna ástands viðtaka vegna saurkólímengunar er ólíklegt að geislun nægi til að enduheimta vatnsgæði viðtaka. Um er að ræða vinsælan veiðistað sportveiðimanna, m.a. sjóbirting á vorin. Varmá er á náttúruminjaskrá. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer fram á að fá senda úrbótaáætlun með vísun í ofangreint fyrir 20. janúar 2023.

b) Háskóli Íslands vegna íþróttafræðaseturs Laugarvatni



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Bréf til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

c) Vestmannaeyjabær vegna landmótunar í Búastaðagryfju.

Í bréfi til Vestmannaeyjabæjar dags. 11. nóvember sl. voru ítrekaðar athugasemdir vegna frávika þar sem tilkynnt var um meðferð máls og kynnt áform um áminningu vegna frávika frá starfsleyfi. Frestur var veittur til 25. nóvember sl. Ekki hafa borist viðbrögð frá Vestmannaeyjabæ vegna málsins.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands veitir hér með Vestmannaeyjabæ áminningu vegna ofangreinds með vísun í 60. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. Verði ekki brugðist við fyrir 20. janúar 2023 er bent á heimild til þvingunarúrræða sbr. 61. grein ofangreindra laga. Bréf verður sent.

3. Aðsend erindi

a. Bláskógabyggð vegna íþróttamiðstöðvar Reykholti

Óskað eftir undanþágu frá tveggja manna kröfu um öryggisvakt á sundlaugasvæði sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 773/2012 um breytingu á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. En þar segir m.a.:

„Prátt fyrir ákvæði 3. ml. 2. mgr. er á ákveðnum tínum í laugum allt að 25 m á lengd, heimilt að laugaryörður sinni störfum sem tiltekin eru í 3. ml. þessarar mgr. samhliða laugaryörshu, þó laugaryörðurinn sé einn á vakt við laugina. Þetta er þó einungis heimilt ef vakt og afgreiðsla eru í sama rými og yfirsýn úr rýminu er með þeim hætti að auðvelt er að fylgjast með gestum í laug um leið og afgreiðsla fer fram. Á meðan gestir eru í laug má laugaryörður ekki sinna öðrum störfum en þeim að selja aðgang ofan í laug eða tilfallandi störfum við laugarbakka þar sem yfirsýn yfir laugarsvæði er gott. Laugaryörður skal ávallt hafa á sér síma þannig að hægt sé að kalla til aðstoð með mjög stuttum fyrirkvara. Heimildarákvæði þetta gildir einungis fyrir laugar þar sem gestaföldi í laug er að meðaltali undir 10 gestum á ársgrundvelli á þeim tíma dags sem um ræðir og skulu gestir upplýstir um fyrirkomulag laugargæshu með því að tilgreina sérstaklega um fjölda laugarvarða á vakt hverju sinni við afgreiðslu. Ef fleiri en 20 gestir eru í laug í einu eða samsetning gesta kallaðar á aukna gæshu, skal kalla til auka laugaryörð. Rekstraraðili laugar þar sem þessi heimild er nýtt skal senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirkomulag laugar og tíma þann sem heimild þessi er nýtt. Við útgáfu eða endurskoðun á starfsleyfi skal skrá ef heimild er nýtt.“ Rekstraraðili hefur upplýst um með hvaða hætti heimildin er nýtt, jafnframt hefur verið útbúin tilkynning sem sett verður á áberandi stað á afgreiðsluborðinu ef grípa þarf til þessarar ráðstöfunar.

b. Sveitarfélagið Árborg – Samþykkt um fráveitu til umsagnar.

Til kynningar.

c. Umhverfisstofnun – Innleiðing reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur

Það er ljóst að ekki hefur verið lokið að fullu við gerð og frágang á nauðsynlegum hugbúnaði og skýrum leiðbeiningum vegna reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskylda starfsemi



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

sem tók gildi 15. nóvember sl., t.d. kemst Heilbrigðiseftirlitið sem á að samþykkja skráningu, ekki inn í kerfið.

Til þess að komast hjá óparfa óþægindum m.a. fjölda aðila sem hyggjast halda flugeldasýningar um land allt, óskar Heilbrigðisnefnd Suðurlands, eftir því að umhverfis-, orku og loftslagsráðherra geri tímabundnar breytingar á reglugerðinni á meðan verið er að sníða framangreinda vankanta af. Auðvelt væri að heimila heilbrigðisnefndum að fullgilda skráningu, með því verklagi að skráningin yrði send samtímis til Umhverfisstofnunar og þess sem óskar eftir að fá leyfi og eða skráningu fyrir t.d. flugeldasýningu eða niðurrifi mannvirkja.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands veitir heilbrigðisfulltrúa heimild til þess að fullgilda skráningar sbr. reglugerð 830/2022 um skráningaskyllda starfsemi.

d. Umhverfisstofnun – Loftslagsbókhald, ósk um upplýsingar vegna fráveitu

Beiðni kom frá UST um niðurstöður þar sem vöktun hefur verið. Vöktun hefur verið í gangi hjá Sveitarféluginu Árborg um árabil og einnig mælingar frá öðrum stöðum á Suðurlandi og verður upplýsingum deilt með Umhverfisstofnun.

e. Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið

umsögn um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.).

Sjá slóð: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0419.pdf>

Til kynningar.

f. Allsherjar- og menntamálaneftnd Alþingis

- til umsagnar frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennsla (dreifing ösku),

Sjá slóð: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0027.pdf>

Til kynningar.

4. Önnur mál

a. Drög að verklagsreglum vegna bíflaka á lóðum

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir að taka upp nýjar verklagsreglur vegna hreinsunar m.a. á einkalóðum og lendum. Verklagsreglurnar verða kynntar á heimasíðu embættisins.

b. Drög að eftirlitsáætlun fyrir 2023

Til kynningar

c. Afleysing framkvæmdastjóra – Ágúst Óskar Sigurðsson



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:05

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Örn Friðriksson

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir
Kennitala: 0410602639
Tími: 02.12.2022 15:09
Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Páll Tómasson
Kennitala: 1305823389
Tími: 02.12.2022 15:23
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 02.12.2022 15:53
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 02.12.2022 21:36
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Örn Friðriksson
Kennitala: 1201594379
Tími: 02.12.2022 21:49
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 02.12.2022 23:26
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Fjóla Steinðóra Kristinsdóttir
Kennitala: 2702725849
Tími: 05.12.2022 8:37
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Fundargerð 915. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 25. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Árelfa Eyðís Guðmundsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Einar Brandsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson í gegnum fjarfundarbúnað, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Einar Þorsteinsson boðaði forföll, varamaður hans Árelfa Eyðís Guðmundsdóttir, mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og svíðsstjórnar Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð formaður Árelíu Eyðísi Guðmundsdóttur og Einar Brandsson velkomin á sinn fyrsta fund í stjórn sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 914. fundar - 2201008SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 914. fundar stjórnar sambandsins frá 12. október 2022, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og landshlutasantaka sveitarfélaga - 2211034SA

Lagðir fram minnispunktar af fundi stjórnar sambandsins og landshlutasantaka sveitarfélaga sem haldinn var í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 14. október 2022.

Stjórnin styður þau áform að taka upp reglulega samráðsfundi með fulltrúum landshlutasantaka og felur framkvæmdastjóra að koma því á.

3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 141. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. nóvember 2022.

Stjórn óskar eftir að fá kynningu á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna inn á stjórnarfund á næstu mánuðum.

4. Verkefnistjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 77. fundar verkefnistjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 31. október 2022. Eygerður Margrétardóttir, sérfraðingur í umhverfis- og úrgangsmálum á lögfræði- og velferðarsviði mætti á fundinn undir þessum lið og kynnti stuðningsverkefni sambandsins við innleiðingu laga nr. 103/2021 vegna innleiðingu hringrásarhagkerfis auk þess að gera grein fyrir stöðu innleiðingar.

Stjórnin þakkar fyrir greinargóða kynningu á stöðu innleiðingar hringrásarhagkerfis. Stjórnin telur ljóst að þótt breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, um meðhöndlun úrgangs og um úrvinnslugjald taki gildi um næstu áramót eru sveitarfélögin misjafnlega langt komin í innleiðingu hringrásarhagkerfis. Innleiðing á breyttu fyrirkomulagi úrgangsstjórnunar með aukinni sérsöfnun úrgangs muni því koma til framkvæmda í áföngum á næsta ári. Mikilvægt er að sambandið veiti sveitarfélögum áframhaldandi faglegan stuðning í innleiðingarferlinu, í góðu samstarfi við ráðuneyti og stofnanir ríkisins.

Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að halda þarf áfram vinnu við uppbyggingu innviða til úrgangsmeðhöndlunar, svo sem með uppbyggingu hátækni sorpbrennslustöðvar til orkunýtingar. Forgangsverkefni er einnig að bæta verulega úrgangstölfræði og stórbæta fyrirkomulag framlengdrar framleiðendaábyrgðar, þar sem sveitarfélögum verði tryggðar endurgreiðslur á kostnaði við söfnun og meðhöndlun úrgangs sem ber úrvinnslugjald. Ríkið verður að vera í forystu í þessum verkefnum í samvinnu við sveitarfélögin, enda er það íslenska ríkið sem er skuldbundið skv. EES-samningnum til að ná þeim markmiðum sem kveðið er á um í EES-löggjöf um bætta úrgangsmeðhöndlun hér á landi.

5. Kjaramálanefnd sambandsins - 2009595SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 31. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 9. nóvember 2022. Sviðsstjóri kjarasviðs mun jafnframt kynna starfsemi sambandsins varðandi kjarasamningagerð.

Stjórnin þakkar kynningu sviðsstjóra kjarasviðs.

6. Tillaga að stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA

Lögð fram tillaga að stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026. Valgerður Rún Benediktsdóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði og ritstjóri stefnumörkunarinnar, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á tillögunum frá seinasta fundi stjórnar.

Stjórn samþykkir stefnuna og felur framkvæmdastjóra að ganga frá skjalinu og senda það sveitarfélögum og öðrum þeim sem að þeim málum koma sem stefnumörkunin nær til. Formaður og framkvæmdastjóri munu kynna skjalið fyrir ráðherra sveitarstjórnarmála á fundi í næstu viku.

Rósa Guðbjartsdóttir vék af fundi kl. 14:40.

7. Verklag við breytingar á útsvarshlutfalli vegna þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og sviðsstjóra hag- og upplýsingarsviðs sambandsins, dags. 21. nóvember 2022, um verklag við breytingar á útsvarshlutfalli vegna þjónustu við fatlað fólk. Einnig lögð fram umsögn sambandsins um frumvarp til fjáraukalaga 2022, 409. mál, dags. 16. nóvember 2022. Framkvæmdastjóri skýrir stöðu máls.

Stjórnin ítrekar mikilvægi þess að rákið komi að fjármögnun halla þessa árs vegna þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk eins og lagt er til í umsögn sambandsins um frumvarp til fjáraukalaga. Jafnframt áréttar stjórnin að tillögur þurfa að liggja fyrir í næstu vikum um hvernig full fjármögnun málaflokksins verði tryggð af hálfu ríkisins á næsta ári.

8. Rafræn skil á skjölum sveitarfélaga - viljayfirlýsing - 2210042SA

Lagt fram bréf Stefáns Boga Sveinssonar, héraðsskjalaravarðar Héraðsskjulasafns Austfirðinga um viljayfirlýsingu héraðsskjalaravarða vegna rafrænna skila á skjölum sveitarfélaga. Einnig lagt fram minnisblað þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 23. nóvember, vegna erindis héraðsskjalaravarða um rafræn skil skjala.

Stjórn leggur áherslu á að mótuð verði sameiginleg stefna ríkis og sveitarfélaga hvað varðar rafræn skil skjala. Framkvæmdastjóra falið að taka upp viðræður við menningar- og viðskiptaráðuneytið um framtíð þessara mála.

9. Ráðstefnumat fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2022 - 2205017SA

Lagt fram minnisblað sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 4. nóvember 2022, um niðurstöður ráðstefnumats fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2022.

10. Gögn um Innheimtustofnun sveitarfélaga og skýrsla Ríkisendurskoðunar - 2105039SA

Lögð fram greinargerð verkefnisstjórnar um endurskoðun á skipulagi og rekstri Innheimtustofnunar sveitarfélaga og flutningi starfseminnar til ríkisins, dags. 18. október 2022, skýrsla Ríkisendurskoðunar um Innheimtustofnun sveitarfélaga - Tilfærsla verkefna til ríkisins, dags. 1. október 2022. Einnig lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins um drög að viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga, dags. 25. ágúst 2020. Jafnframt lögð fram viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 19. janúar 2021, ásamt viðauka við viljayfirlýsinguna.

Stjórnin telur að vinnsla málsins sé í fullu samræmi við fyrirliggjandi yfirlýsingar og eldri samþykktir stjórnar sambandsins um það.

11. Tillaga að tilnefningu á fulltrúa í EES EFTA Sveitarstjórnarvettvanginn - 2210016SA

Lögð fram tillaga að tilnefningu á fulltrúa í EES EFTA Sveitarstjórnarvettvanginn, dags. 18. nóvember 2022.

Stjórn samþykkit að tilnefna Rósu Guðbjartsdóttur sem aðalfulltrúa í EES EFTA Sveitarstjórnarvettvanginn 2022-2026 og Guðmund Ara Sigurjónsson sem varafulltrúa hennar.

12. **Pátttaka sambandsins í aðlögunarleiðangri ESB og framkvæmd GOS samkvæmt Byggðaáætlun - 2011055SA**

Lagt fram minnisblað þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 20. nóvember 2022, um þátttöku sambandsins í aðlögunarleiðangri ESB og framkvæmd GOS samkvæmt Byggðaáætlun.

Stjórn samþykkir þátttöku sambandsins í aðlögunarleiðangri ESB og felur starfsfólk að ganga frá samningi við umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið um fjármögnun þess á starfi verkefnastjóra til tveggja ára.

13. **Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 2009042SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 21. nóvember 2022, um haustþing Sveitarstjórmárbingsins í Strasbourg og formennsku Íslands í Evrópuráðinu.

14. **Tillaga að tilnefningu í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 2211017SA**

Lögð fram tillaga að tilnefningu fulltrúa í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 18. nóvember 2022.

Tilnefnd voru: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógsabyggðar, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, Hrund Pétursdóttir, sveitarstjórnarfílltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, Friðjón Einarsson, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra hjá Reykjavíkurborg. Til vara fyrir hvern aðalmann í sömu röð voru tilnefnd: Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, Halla Karen Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Heimir Örn Árnason, forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, Gísli Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ og Pórdís Lóa Pórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík.

15. **Tillaga að nýjum fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA**

Lögð fram tillaga að nýjum fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins 2022-2023, dags. 18. nóvember 2022.

Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins: Ólaf Þór Ólafsson, sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps í stað Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa í Reykjavík, sem beðist hefur lausnar úr nefndinni.

16. **Tillaga að nýjum fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram tillaga að nýjum fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins, dags. 18. nóvember 2022.

Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins: Sigríði Þrúði Stefánsdóttur, mannauðsstjóra Kópavogsbæjar, í stað Ásdísar Kristjánsdóttur, bæjarstjóra Kópavogs, sem beðist hefur lausnar úr nefndinni.

17. **Breytt skipan barnaverndar - staðan á undirbúningi - 2111020SA**
Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 18. nóvember 2022, um breytingar í barnaverndarþjónustu sveitarfélaga.
Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér þær breytingar sem taka gildi um áramót á fyrirkomulagi barnaverndarþjónustu og taka jafnframt ákvörðun um fyrirkomulag samstarfs um barnaverndarþjónustu ef við á.
18. **Tilnefning í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 2209023SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyttið, dags. 11. október 2022, þar sem Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Ánessýslu, er tilnefnd í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.
19. **Tilnefning í starfshóp um heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu - 2209035SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 18. október 2022, þar sem Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, eru tilnefnd í starfshóp um heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
20. **Tilnefning í starfshóp sem mótar tillögur um framtíðarfyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis - 2210004SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 19. október 2022, þar sem Þóra Kemp, deildarstjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Félags- og skólapjónustu A-Hún, eru tilnefndar sem aðalmenn í starfshóp sem falið er að móta tillögur um framtíðarfyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis, og Sigrún Þórarinsdóttir, félagsmálastjóra í Kópavogi, og Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, forvarnarfulltrúi á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, til vara.
21. **Tilnefning í stýrihóp Sjálfbærs Íslands og Sjálfbærniráð - 2210028SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 19. október 2022, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp Sjálfbærni Íslands og Sjálfbærniráð, og Eygerður Margrétardóttir, verkefnastjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

22. **Tilnefning í vinnuhóp um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar - 2209033SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem Ellisif Tinna Viðisdóttir, lögræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd í vinnuhóp um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 190.
23. **Tilnefning í starfshóp um gerð skýrslu (grænbókar) um heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins - 2210021SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, er tilnefnd í starfshóp um gerð skýrslu (grænbókar) um heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins.
24. **Tilnefning í réttindavakt félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins - 2210020SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í réttindavakt ráðuneytisins.
25. **Tilnefning í starfshóp um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk - 2210018SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem Arne Friðrik Karlsson, sérfraðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Hrönn Hilmarsdóttir, deildarstjóri þróunar og reksturs í málaflokki fatlaðs fólks hjá Hafnarfjarðarbæ, eru tilnefnd í starfshóp um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk.
26. **Tilnefning í starfshóp um stöðu og réttindi afreksþróttafólks - 2210039SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 28. október 2022, þar sem Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu Íþróttar- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar, og Harpa Þorsteinsdóttir, varabæjarfulltrúi í Garðabæ, eru tilnefnd í starfshóp um stöðu og réttindi afraksþróttafólks.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
27. **Tilnefning í Félagsdóm - 2210014SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2022, þar sem Eva Bryndís Helgadóttir, hæstaréttarlögmaður, er tilnefnd í Félagsdóm.
28. **Tilnefning í fulltrúaráð Brynju leigufélags ses. - 2209018SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Brynju leigufélags ses., dags. 16. nóvember 2022, þar sem Gústav Aron Gústavsson, sérfraðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála hjá innviðaráðuneytinu, og Aðalbjörg Traustadóttir, sérfraðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í fulltrúaráð Brynju leigufélags ses.

**29. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga -
2211024SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2022, þar sem Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, og Erik Tryggvi Striz Bjarnason, sérfraeðingur á áætlunar- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefndir í starfshóp um endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

**30. Tilnefning í stýrihóp um stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks -
2209034SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2022, þar sem Heiða Björg Hilmsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður stjórnar sambandsins, og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmenningarmála hjá Reykjanesbæ, eru tilnefndar sem aðalmenn í stýrihóp um stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks, og Ægir Örn Sigurgeirsson, deildarstjóri Fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar, og Marfa Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

31. Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 - 2210005SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 20. október 2022, um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál.

32. Skýrsla um áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum - 2210047SA

Lögð fram til kynningar skýrsla nefndar um áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum, sem skipuð var af forsætisráðuneytinu, dags. 1. október 2022. Stjórn vill vekja sérstaka athygli á kafla 25 sem fjallar um sveitarstjórnarstigið.

33. Umsögn um breytingar á skipulagslögum - raflínuskipulag - 2009205SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. október 2022, um frumvarp um breytingar á skipulagslögum (raflínuskipulag) 144. mál.

**34. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um persónuvernd -
2103033SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. október 2022, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019 (málsmeðferð o.fl.), mál nr. S-182/2022.

**35. Umsögn um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólabjónustu og
nýja þjónustustofnun - 2210031SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 31. október 2022, um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólabjónustu og nýja þjónustustofnun, mál nr. S-195/2022.

36. **Umsögn um frumvarp um breytingu á skipulagslögum Carlsberg ákvæði - 2210051SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 9. nóvember 2022, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (Carlsberg-ákvæði), mál nr. S-202/2022.
37. **Umsögn um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga - tilfærsla á innheimtu meðlaga - 2211021SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2022, um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga (tilfærsla á innheimtu meðlaga), mál nr. S-208/2022.
38. **Umsögn um áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2211014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2022, um áform um breytingar á lagauðhverfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, mál nr. S-211/2022.
39. **Umsögn um frumvarp til laga um útlendinga - alþjóðleg vernd - 2205038SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2022, um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga, 595. mál.
40. **Umsögn um frumvarp til fjáraukalaga 2022 - 2210005SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2022, um frumvarp til fjáraukalaga 2022, 409. mál.
41. **Umsögn um frumvarp til laga um stefnumarkandi stefnur á svíði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála - 2211035SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2022, um frumvarp til laga um stefnumarkandi stefnur á svíði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, mál nr. S-210/2022.
42. **Ný spá Hagstofu og forsendur - 2206017SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað svíðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 15. nóvember 2022, um nýja spá Hagstofu um forsendur, ásamt minnisblaði, dags. 23. ágúst 2022, um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026, áður á dagskrá stjórnar 26. ágúst 2022.
43. **Skýrsla landskjörstjórnar um undirbúning og framkvæmd sveitarstjórarkosninga 2022 - 2108004SA**
Lögð fram til kynningar skýrsla landskjörstjórnar um undirbúning og framkvæmd sveitarstjórarkosninga 14. maí 2022, dags. í september 2022.
44. **Ályktanir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum - 2201003SA**
Lagðar fram til kynningar ályktanir frá aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem haldinn var 17. september 2022.

45. Ályktun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi - 2211027SA

Lögð fram til kynningar ályktun frá stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, dags. 11. nóvember 2022, um þar sem lýst er yfir áhyggjum af innleiðingu skráningarreglugerðar.

Fundi var slitið kl. 15:30

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

3. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 6. desember 2022, kl. 17 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvaldóttir og Árni Eirksson. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

1. **Starfsemin um þessar mundir.** Safnverðirnir Linda Ásdísardóttir og Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir sátu fundinn undir þessum lið. Faglegir starfsmenn safnsins greindu frá starfseminni undanfarna mánuði. Aðsókn hefur verið góð að safninu á árinu. Listasýningunni Hafsjó lauk í septemberlok og tók þá við frágangur sýningarinnar. Viðburðir voru í október og fjölsóttast var opið hús í Búðarstíg 22 þann 23. október. Opna húsið krafðist undirbúnings eins og rækilegrar tiltektar í grófmunasal og víðar. Um þessar mundir er jóladagskrá í Húsinu og Kirkjubæ. Er hún vel sótt enda nýtur dagskráin samverkandi stuðnings jólatorgs Árborgar, Rauða-hússins og Laugabúðar sem opin eru á sama tíma. Linda vinnur að ljósmyndun safnmunu fyrir gagnagrunnih Sarp og Ragnhildur sinnir uppbyggingu fræðslustarfs við safnið og verða þau að þessum verkefnum fram á næsta ár. Safnstjóri er að hefja vinnu með Lilju Árnadóttur um mótnun varðveislustefnu fyrir safnið og koma aðrir faglegir starfsmenn að því. Sótt hefur verið um í ýmsa sjóði vegna verkefna, umsóknirnar eru flestar í ferli en jákvæður árangur varð að umsóknum í Sóknaráætlun Suðurlands. Sótt verður um styrki til verkefna í fleiri sjóði. Verið er að gera nýja heimasíðu fyrir safnið og einnig nýjan kynningarbækling sem verður á ensku. Að lokum var rætt almennt um safnastarfið og leiðir til efplingar og þróun þess til framtíðar. Stjórn safnsins lýsir ánægju sinni yfir flottri dagskrá og kraftmiklu starfi. Ljóst er að með tilkomu þriðja faglega starfsmannsins hefur starfsemi safnsins eflst. Gaman verður að fylgjast með starfinu vaxa enn frekar á næstu árum.

2. **Starfslýsing safnstjóra.** Starfslýsingin hefur verið uppfærð í samræmi við verkefni safnstjóra í dag.

3. **Rekstur safnsins 1.1.-31.10. 2022.** Safnstjóri lagði fram yfirlit um rekstur safnsins fyrstu 10 mánuði ársins ásamt útkomuspá fyrir allt árið. Spáð er rekstrarafgangi og staða reiknings safnsins stórum betri en fyrir ári síðan. Safnið hefur fengið greitt lokaframlag ríkisins vegna stofnframkvæmda við Búðarstíg 22 og endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu við framkvæmdir húseigna sílna. En ýmsu hefur verið frestað og það skýrir betri rekstur. Ekki verður komist hjá því að fara í viðhald á Húsinu og Assistentahúsinu á næsta ári og fjárhagurinn verður í járnum út næsta ár auk þess sem ekkert er vitað um niðurstöður kjarasamninga.

4. **Næsti fundur stjórnar.** Næsti fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,30.

Sandra Sigurðardóttir
Þórhildur Ingvaldóttir
Árni Eirksson
Ljósmyndarinn

**FUNDARGERÐ**

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-021-V02	Svæðisskipulag Suðurhálendis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
25.10.2022	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
21	Greinargerð og stefnumörkun Seinni hluti greinargerðar	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
HB 21.11.2022	SASS	Hvoll, Hvolsvöllur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari B. Thorarensen	Árborg	
Nanna Jónsdóttir	Ásahreppur	
Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir	Bláskógabyggð	
Árni Eiríksson, Harpa Magnúsdóttir	Flóahreppur	
Björn Kristinn Pálmarsson	Grímsnes- og Grafningshr.	
Jón Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur	
Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gunnarsson, Ólafur Júlíusson	Skaftárhreppur	
Sigurður Unnar Sigurðsson, Ingvar Hjálmarsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Einar Freyr Elíнарson,	Mýrdalshreppur	
Anton Kári Halldórsson, Bjarki Oddson	Rangárþing eystra	
Gísli Gíslason, Sigmundur Brynhildur Brynjólfssdóttir	Verkfræðistofan EFLA	
Dreifing	Fyrirtæki	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Fundarskjöl	Næsti fundur	
Vinnuskjöl: Kynning	Nóvember 2022	

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 20. fundar og telst hún samþykkt.

Fundardagskrá

1. Opnun fundar
2. Drög að tillögu
3. Umhverfisskýrsla
4. Næsti fundur

1. Opnun fundar

Gíslí Gíslason opnaði fundinn, fór yfir stöðu verkefnisins og tímálinu, nú þegar það styttist í að tillagan fari í kynningar og umsagnarferli. Einnig fór hann yfir kynningar og samráð sem framundan er.

Greint var frá því að Náttúrufræðistofnun hefði skilað af sér greinargerð vegna landslagsflokkunarinnar og mats á verndargildi jarðminja.

2. Drög að tillögu

Gíslí Gíslason og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir EFLU fóru yfir drög að greinargerð svæðisskipulagsins. Farið var stuttlega yfir kafla 3 og 4 sem voru einnig til umræðu á síðasta fundi, en lengri tími var tekinn í kafla 5-6-7. Fundarfólk hafði fengið greinargerðina senda í drögum fyrir fundinn.

Hér eru punktar úr umræðu um efni greinargerðarinnar.

Kafli 3. Sterkir innviðir

- Vegir
 - Umfjöllun um vegina í framhaldi af umræðu á síðasta fundi nefndarinnar.
 - Tillaga kom fram um að taka upp orðalag Landsskipulagsstefnu um opnunartíma stofnvega.
 - Farið var yfir kort sem sýnir flokkun vega. Fjallabaksleið frá Landmannalaugum í Skaftárreppi verður megin stofnleið.
- Þjónustustaðir ferðamanna
 - Umræða um stöðu Reykholt og hvernig er hægt að flokka hann. Móttaka verður fyrir gesti Reykholt í Sandbúðum.

Kafli 4. Umhyggja fyrir auðlindum

- Auðlindir ferðaþjónustunnar.
 - Farið var yfir uppfærð kort í kaflanum.

Kafli 5. Ábyrg nýting auðlinda

- Beitar og veiðinytjar
 - Farið yfir kort sem sýnir afréttar. Nefnt að það væri upplýsandi ef það væri aðgengilegt kort sem sýnir fjölda fjár á fjalli eftir sveitarfélögum.
 - Farið yfir kort sem sýnir landgræðslu- og skógræktarsvæði.

Kafli 6. Aðgerðir fyrir loftslagið

- Loftslag

- Farið var yfir stefnu um loftslag og gerðar nokkrar orðalagsbreytingar. Rætt var um hvort styttu mætti kaflann sem er til skýringar og verður það gert.
- Bætt verður við umfjöllun um Grólind.

Kafli 7. Vinnum vel saman

- Framfylgd svæðisskipulagsins
 - Umfjöllun um umsýslu svæðisskipulagsnefndar eftir gildistöku svæðisskipulagsins, hlutverk SASS, frest til að innleiða stefnu svæðisskipulagsins í aðalskipulagsáætlanir og umræða um hvers konar breytingar kalla á breytingu á stefnu svæðisskipulagsins.
 - Umræða um hversu framkvæmdadrifið svæðisskipulagið væri en stefna þess er sett fram með leiðum til að ná þeim markmiðum sem sett eru. Einn tilgangur svæðisskipulagsins er að nýta samtakamáttinn til að koma verkefnum áfram. Nefndin minnt á að koma með ábendingar á fundum eða milli funda ef einhverjar eru.

3. Umhverfisskýrsla

Farið yfir drög að umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins, forsendur og efnistök í umhverfismati. Nánar verður fjallað um umhverfisskýrslu á næsta fundi.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 22. nóvember í Árnesei.



587. fundur stjórnar SASS

Fjarfundur

7. október 2022, kl. 08:15 – 10:30

Þáttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Njáll Ragnarsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Einar Freyr Elínarson og Arnar Freyr Ólafsson. Árni Eiríksson boðaði forföll og Jón Bjarnason kemur í hans stað. Þá tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð 586. fundar staðfest. Verður undirrituð síðar.

2. Ársþing SASS 2022

a. Dagskrá ársþings og aðalfundar

Formaður kynnir uppfærð drög að dagskrá ársþings samtakanna sem fram fer á Hótel Höfn í Sveitarfélagini Hornafirði 27. – 28. október nk. Þema ársþingsins er: *Hver er stefna SASS til 2026?* Fyrilliggjandi dagskrá staðfest af stjórn.

b. Starfsskýrsla 2021 – 2022

Formaður kynnir að starfsskýrsla samtakanna 2021-2022 sé í vinnslu.

c. Drög að fjárhagsáætlun 2023

Formaður og framkvæmdastjóri kynna drög að fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2023 og forsendur áætlunarinnar. Sem fyrr hefur stjórn SASS nokkrar áhyggjur af að fjárfamlög ríkisins til atvinnuráðgjafar hafi ekki hækkað í takt við verðlagsþróun. Einnig að nauðsynlegt sé að breyta reiknireglu Sóknaráætlunar, en breytingin sem innleidd var 2019 leiddi til lækkunar framlaga til landshlutans og það hefur ekki verið leiðrétt. Ljóst er geta samtakanna til að veita atvinnuráðgjöf í landshlutanum minnkar með stöðugri lækkun á fjárfamlögum ríkisins til Byggðastofnunar en stofnunin er með samninga við landshutasamtökin um atvinnuráðgjöf. Uppbyggingarsjóður Sóknaráætlunar Suðurlands hefur einnig minni fjármuni til að styrkja verkefni á svið menningar og atvinnu- og nýsköpunar.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að uppfæra drög að fjárhagsáætlun SASS 2023 til samræmis við umræður á fundinum og leggja uppfærð gögn fyrir fjárhagsnefnd.

d. Tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda

Formaður kynnir tillögu að launum stjórnar, ráða og nefnda. Tillagan er óbreytt frá fyrra ári en grunnurinn byggir á ákveðnu hlutfalli af þingfarakaupi árið 2021 sem breytt er samkvæmt breytingu á launavísitölu í janúar ár hvert, var síðast gert í janúar sl. Stjórn samþykkir tillöguna.

3. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 543. – 544. funda stjórnar SSH, fundargerð 83. fundar stjórnar SSNV, fundargerð 40. fundar stjórnar SSNE, fundargerðir 16. – 22. funda stjórnar SSA, fundargerð haustþings SSA, fundargerðir 126. – 130. funda Austurbrúar, fundargerðir 82. – 83. funda stýrihóps stjórnarráðsins og fundargerð 913. fundar stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra og innri mál SASS

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað framundan sé.

c. Farsældarráð á Suðurlandi

Stjórn SASS barst erindi frá Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) sem stofnunin vann í samráði við mennta- og barnamálaráðuneytið. Efnislega er stofnunin og ráðuneytið að kanna hvort sveitarfélögin á Suðurlandi geti aðstoða við að koma á farsældarráði í landshlutanum.

Niðurstaða stjórnar SASS er að mikilvægt sé, þegar eftir því er leitað af BOFS og ráðuneyti málaflokkssins sem fagaðilum, að kanna hug sveitarfélöganna 15 til stofnunar á sameiginlegu svæðisbundnu farsældarráði á Suðurlandi. Ákveðið að Ásgerður Kristín Gylfadóttir, formaður SASS, komi fyrir hönd SASS að undirbúningnum.

d. Fjárlög ríkisins 2023

Formaður kynnir að nefndasvið Alþingis hafi óskað eftir umsögn samtakanna um fjárlagafrumvarp ríkisins 2023. Formanni og framkvæmdastjóra falið að klára umsögnina.

e. Erindi frá Oddvitaneftnd Uppsveita Árnessýslu

Formaður kynnir erindi frá oddvitaneftnd uppsveita Árnessýslu (Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi) en á fundi nefndarinnar 16. ágúst 2022 var fjallað um hugmyndir um að þörf sé á að auka starfshlutfall eða að samtökin leggi til byggðarþróunarfulltrúa á vinnusóknarsvæði uppsveita.

Niðurstaða stjórnar SASS er að vísa erindinu til umfjöllunar hjá fjárhags-, allsherjar- og atvinnumálanefnd komandi ársþings.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Hótel Höfn 26. október nk. kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 10:30

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Einar Freyr Elínarson

Magrét Harpa Guðsteinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Njáll Ragnarsson



SASS
SAMTOK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Brynhildur Jónsdóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Arnar Freyr Ólafsson
Jón Bjarnason



589. fundur stjórnar SASS

fjarfundur

4. nóvember 2022, kl. 12:30 – 15:00

Páttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Einar Freyr Elínarson, Árni Eiríksson og Arnar Freyr Ólafsson. Jóna Sigríður Guðmundsdóttir mætti í forföllum Njáls Ragnarssonar, Sandra Sigurðardóttir í forföllum Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur og Bragi Bjarnason í forföllum Brynhildar Jónsdóttur. Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs tók þátt í fundinum og ritar fundargerð.

1. Sóknaráætlun Suðurlands – menningarstyrkir Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Í byrjun október rann út umsóknarfrestur til að sækja um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í síðari úthlutun ársins. Alls bárust 90 umsóknir og er það sami fjöldi umsóknna og í fyrri úthlutun ársins. Umsóknirnar skiptust þannig; 62 umsóknir bárust í flokki menningarverkefna og 28 umsóknir í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Fagráðin gerðu tillögu um að úthluta alls kr. 32.600.000,- til samtals 58 verkefna.

Fagráð menningar gerði tillögu um að veita 44 verkefnum styrk samtals að fjárhæð kr. 19.500.000,-. Þórður Freyr kynnir nánar vinnu fagráðs menningar og þær forsendur sem lágu til grundavallar tillögunum. Stjórn samþykkir tillögur fagráðsins óbreyttar.

Eftirfarandi menningarverkefni hljóta styrk:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Fjárhæð
ÁSTIN SEM EFTIR ER (SEINNI HLUTI)	Home Soil ehf.	1.000.000
Páskatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2023	Góli ehf.	1.000.000
Söngkeppni NFSu (Nemendafélag Fjölbautaskóla Suðurlands)	Sigríður Fjóla Þórarinsdóttir	900.000
Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands í Árnesi	Góli ehf.	900.000
Atvinna og virkni 60 ára - Afmælissýning Listasafns Árnesinga	Anna Edit Dalmary	800.000
	Listasafn Árnesinga	800.000



Konubókastofan,		
„Máttugar meyjar" - bókmenntahátíð	félagasamtök	700.000
Blámi- myndlistasýning í Svavarssafni	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	700.000
Ásgrímsleiðin	Byggðasafn Árnesinga	600.000
Norðurljósablús 2023 tónlistarhátíð	Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar	600.000
Þollóween	Viðburðarfélagið Þollóween	500.000
We are Vík - A picture of community	Anna Marti Anguera	500.000
Góða nót - Vögguvísur í heimabyggð	Hólmfríður Ósk Samúelsdóttir	500.000
Raddir úr Rangárþingi (ytra)	Menningarfélagið Kári í jötunmóð	500.000
Colors in the town	Zoltán Barát	450.000
Vox Celestice	Júlíus Óttar Björgvinsson	450.000
Skapað í smiðju	Byggðasafn Árnesinga	400.000
Krakka og ungmennaklúbbur Svavarssafns	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	400.000
Listasmiðja Náttúrunnar með Gíslínu Dögg og Jónu Heiðu	Gíslína Dögg Bjarkadóttir	400.000
1000 Fætur / Á slóðum sunnlenskra sveitaballa	Filmsýn ehf.	400.000
Rithöfundavöld MMH	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	350.000
Gömlu leikföngin	Vestmannaeyjabær	350.000
Margt veður til í kvenna höndum	Kvenfélagið Eining Ragnheiður Sigurðardóttir	350.000
Plastúra	Bjarnarson	350.000
Pop-up sýningar á Suðurlandi	Guðrún Arndís Tryggvadóttir	350.000
Samstarf við kóra - Náttúruvernd og Friðarboðskapur	Bakkastofa ehf.	350.000
"Sat við gluggann jólasveinn" - jóladagskrá Byggðasafns Árn.	Byggðasafn Árnesinga	300.000



Gigg á Glæsivöllum Bryndís Sigurðardóttir 300.000

Konukvöld Konubókastofu
"Leyndardómur yndisþokkans" Konubókastofan,
félagasamtök 300.000

Mannvist á Mýrum - Fornbýli í landslagi Menningarmiðstöð
Hornafjarðar 300.000

Menningarsmiðjan Brimrót á Stokkseyri Pétur Már
Guðmundsson 300.000

Heimildirnar, fræðsluverkefni Héraðsskjalasafn
Árnesinga 300.000

"Kannast þú við þennan Rangæing?" Héraðsskjalasafn
Árnesinga 300.000

Part 2 Technology Upgrade of Natural History Collection The Beluga Operating Company ehf. 300.000

MUUR Lind Draumland Völundardóttir 300.000

Tónahátíð í Flóahreppi 2022 Flóahreppur 300.000

Tónlistarferðalagið frá Ungverjalandi til Vestmannaeyja Júlíanna S. Andersen 300.000

mmm-kvöld á aðventu Hveragerðisbær 250.000

Summa og Sundrung - fræðsluefni Listasafn Árnesinga 250.000

50 ár frá Heimaeyjargosinu í tali og tónum Vestmannaeyjabær 250.000

Minningatónleikar Vosa Félag um Tyrkjaránssetur í Vestmannaeyjum 250.000

Smiðjuþræðir - lokasýning og uppskeruhátíð Listasafn Árnesinga 200.000

Eflandi leiklist á ströndinni Magnús Jóhannes Magnússon 200.000

"caroling" söngur Erna Gísladóttir 200.000

Umræður um styrkveitingar í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna eru færðar aftur fyrir síðasta fundarlið.



2. Skýrsla formanns

Ásgerður upplýsti um samskipti og fundi sem hún hefur sótt sem formaður SASS, s.s. með framkvæmdarstjórum og formönnum landshlutasamtaka, Sambandinu, Innviðaráðherra, Íslandsstofu og fjárlaganefnd Alþingis. Í tengslum við ársþing SASS á Höfn fundaði stjórn með bæjarstjórn sveitarfélagsins Hornafjarðar. Eru bæjarstjórninni færðar bestu þakkir fyrir móttökurnar. Jafnframt upplýsir Ásgerður að nú sendur yfir vinna með niðurstöður ársþingsins, s.s. áherslupunkta nefnda ársþingsins og tillögur að verkefnum. Verður nánar fjallað um þá vinnu á næsta fundi stjórnar.

3. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 20. og 21. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál, fundargerðir 41. og 42. fundar stjórnar SSNE, fundargerð 84. fundar stjórnar SSNV og fundargerð fagráðs umhverfismála SSNE.

Grétar og Arnar yfirgefa fundinn að fundarlið loknum.

4. Sóknaráætlun Suðurlands – atvinnu- og nýsköpunarstyrkir Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Eins og fram kemur undir 1. dagskrálið bárust sjóðnum 28 umsóknir í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Fagráð atvinnu- og nýsköpunar gerði tillögu um að úthluta alls kr. 13.100.000,- til samtals 14 verkefna.

Þórður Freyr kynnir nánar vinnu fagráðs atvinnu- og nýsköpunar og þær forsendur sem lágu til grundavallar tillögunum. Stjórn samþykkir tillögur fagráðsins óbreyttar.

Eftirtalin atvinnu- og nýsköpunarverkefni hljóta styrk:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Fjárhæð
Afurðagerð og vörumerkjaþróun fyrir lífefnavinnslu	Langa ehf.	2.000.000
Hvítur	Hrafnkell Guðnason	1.500.000
Veiðar á rauðátu við Suðurströndina	Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses	1.500.000
Íshampur (framhaldsumsókn)	Últra ehf.	1.000.000
Framleiðsla gæludýrafóðurs	Fiskafurðir-umboðssala ehf	1.000.000



Smjer II	Smjer ehf.	1.000.000
BALI - hestastudd meðferð fyrir erlenda gesti	Þorkatla Elín Sigurðardóttir	850.000
Plöntuostar - markaðssókn	Livefood ehf.	850.000
Frostþurrkað snarl úr íslensku grænmeti	Frostþurrkun ehf.	700.000
Rabbarbarafreyðivín	Þórólfur Sigurðsson	700.000
Íslandsflugur	Íslandsflugur ehf.	700.000
Vik: Love at first bite! Marketing for Arctic Macarons	Vincent Armand Cornet	500.000
Sunnlenskar konur á kortið!	Herdís Friðriksdóttir	500.000
Bókviti	Esther Bergsdóttir	300.000

Samantekið 1. og 4. dagskráliður er snúa að úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Heildarfjöldi umsókna taldi 90 umsóknir. 62 umsóknir bárust í flokki menningarverkefna og 28 umsóknir í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Veittir styrkir samtals kr. 19.500.000,- til 44 menningarverkefna og kr. 13.100.000,- til 14 atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Veittir styrkir samtals kr. 32.600.000,- til 58 verkefna.

Öllum umsækjendum eru færðar þakkir fyrir innsendar umsóknir og óskað velfarnaðar með sín verkefni. Styrkþegum er óskað til hamingju með veitta styrki.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Selfossi 2. desember nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 14:15

Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Bragi Bjarnason
Grétar Ingi Erlendsson
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir